FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
12. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 15. JANÚAR 2018

# Úrslitin ráðast á morgun



Ísland tapaði fyrir sterku liði Króata í A-riðli á EM í handbolta í Split í gær. Strákarnir okkar skoruðu þar 22 mörk gegn 29 mörkum Króatanna. Geir Sveinsson landsliðsþjálfari var ánægður með margt í leik liðsins þrátt fyrir tapið. Næsti leikur er gegn Serbum annað kvöld og með sigri þar fara Íslendingar með tvö stig í milliriðil. Sjá síðu 10. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Tók tvær milljónir löngu eftir starfslok

**Fyrrverandi forstjóri og eigandi United Silicon á að hafa fært tvær milljónir króna af reikningi dótturfélags kísilversins fimm mánuðum eftir að hann hætti störfum. Skýrsla KPMG varpar ljósi á stórfellda fjármálaóreiðu og vísbendingar um að blekkingum hafi verið beitt.**

**IÐNAÐUR** Magnús Garðarsson, fyrrverandi forstjóri United Silicon í Helguvík, millifærði tvær milljónir króna út úr dótturfélagi kísilversins og inn á reikning félags í eigu hans. um fimm mánuðum eftir að hann lét af störfum fyrir fyrirtækið.

Þetta kemur fram í skýrslu sem KPMG vann fyrir stjórn United Silicon í nóvember og Fréttablaðið hefur undir höndum. Þar segir að Magnús hafi millifært upphæðina þann 25. ágúst án þess að hafa til þess réttindi frá stjórn dótturfélagsins Geysis Capital eða United.

Í skýrslunni segir að Magnúsi hafi áður en hann lét af störfum að öllum líkindum verið ljóst að verulega vantaði upp á fjármögnun fyrirtækisins og hann hafi því reynt að fresta greiðslum, fegra bókhaldið og villa um fyrir stjórn þess. Um tíma var íhugað að færa bókhald United Silicon alfarið upp á nýtt fyrir árið 2016 vegna fjölda rangfærslna.



Magnús Garðarsson, fyrrverandi forstjóri United. Silicon.

Magnús á einnig að hafa talið stjórn kísilversins trú um að mál sem verktakafyrirtækið ÍAV höfðaði gegn fyrirtækinu væri vegna vangoldinna reikninga upp á 400 milljónir króna. Það hafi því komið stjórnarmönnum í opna skjöldu þegar niðurstaðan varð rúmur milljarður króna. Einnig á hann að hafa leynt því að félagið ætti bankareikninga í Danmörku.

Segir í skýrslunni að ágallar hafi verið miklir í aðgreiningu starfa því Magnús hafi í raun stjórnað United Silicon og samþykkt reikninga.

„Þannig má segja að Magnús hafi verið í ákjósanlegri stöðu til að draga sér fé og villa um fyrir stjórn og stjórnendum," segir í skýrslunni.

Stjórn kísilversins, sem nú er í greiðslustöðvun, kærði Magnús til héraðssaksóknara í september í fyrra og Arion banki, stærsti hluthafi og lánveitandi kísilversins, um mánuði síðar. Þær byggjast á grun um stórfelld auðgunarbrot og skjalafals. Magnús hefur mótmælt þeim sem „röngum og tilhæfulausum" og sagt þær hluta af slag um eignarhald. **– sa**

## Vill skera niður vegna manneklu

**STJÓRNMÁL** Eyþór Arnalds, frambjóðandi í leiðtogaprófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, boðar niðurskurð í stjórnkerfi borgarinnar nái hann kjöri í borgarstjórnarkosningunum í vor. Þannig megi leysa þann vanda sem hafi mætt foreldrum sökum manneklu á leikskólum og skorts á dagforeldrum.



„Reykvískir foreldrar gera þá eðlilegu kröfu til Reykjavíkurborgar að þeim standi leikskólapláss til boða fyrir börn sín," segir Eyþór í aðsendri grein í blaðinu. **– hg /** **sjá síðu 9**

## Fleiri börn leita til transteymis

**HEILBRIGÐISMÁL** Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL) bárust í fyrra sextán beiðnir vegna kynáttunarvanda ungmenna. Eftirspurnin eftir þjónustu transteymisins þar hefur vaxið undanfarin ár.

Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, barnageðlæknir á BUGL, segir teyminu yfirleitt berast beiðnir vegna barna sem komin eru á unglingsár en líka vegna einstaka yngri barna. Þangað leita börn og unglingar sem ekki eru sátt við það kyn sem þau fengu úthlutað við fæðingu. Þau yngstu eru sum ekki orðin kynþroska.

Kynjahlutföll hafa gerbreyst á þeim 20 árum sem liðin eru frá því að byrjað var að veita meðferð hér á landi.

**– jhh /** **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag

Halldór



**SKOÐUN** Pawel Bartoszek skrifar um næsta forseta Bandaríkjanna. 9

**SPORT** Tindastóll vann sinn fyrsta stóra titil. 12

**TÍMAMÓT** Læknar án landamæra leita að Íslendingum í vinnu. 14

**LÍFIÐ** Viðburðafyrirtækið Puzzy Patrol stendur fyrir stórtónleikum kvenna í hipphopptónlist í Gamla bíói um næstu helgi. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Norðvestanstrekkingur í dag, en hægari suðvestanátt fyrir austan fram eftir degi. Éljagangur á norðanverðu landinu, en léttir til syðra. Frost víða 0 til 5 stig.

SJÁ SÍÐU 16

# Fuglar í felulitum



Veturinn minnti rækilega á sig í gær og frostið og snjókoman hrelldu borgarbúa. Þótt álftirnar og mávarnir væru í felulitum tókst þessum glögga ljósmyndara að koma auga á fuglana þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Þar mátti einnig sjá erlenda ferðamenn sem létu ekki veðrið stoppa sig. Ekki er spáð frekari snjókomu á höfuðborgarsvæðinu í dag en eitthvað verður um slíkt í Eyjum og á Húsavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjögur innbrot í Flatahverfi einu

**GARÐABÆR** Hrina innbrota hefur gengið yfir Garðabæ á nýju ári og hafa íbúar fundið fyrir því. Fjögur keimlík innbrot hafa verið framin í skjóli myrkurs á virkum dögum frá áramótum í Flatahverfi einu. Garðbæingar kalla eftir auknni sýnilegri gæslu.

„Það vita það allir sem vilja vita að lögreglan hefur ekki fengið það fjármagn sem hún þarf til að efla sýnilega löggæslu og það er einn hluti vandamálsins. Við sem sveitarfélag höfum verið að leita ýmissa leiða til að efla öryggi íbúanna. Til að mynda með tilraunaverkefni með lögreglunni og fleirum með myndavél sem sýnir hverjir fara inn og út af Álftanesi. Það verkefni hefur þegar sannað sig,“ segir Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Garðabæjar.

Garðbæingar hafa skipst á skilaboðum um innbrotin á samfélagsmiðlum en þau eru öll nokkuð keimlík. „Einnig leggjum við áherslu á virka nágrannavörslu og höfum haldið íbúafundi til að ræða við íbúa um þessi mál og upplýsa. Samfélagsmiðlarnir eru líka mikilvægir og íbúar eru duglegir að miðla upplýsingum. Þetta er auðvitað óþolandi, að eigum fólks sé stolið í skjóli myrkurs,“ bætir Áslaug Hulda við.

Áslaug Hulda segir það í skoðun hvort fjölga megi slíkum vélum til að auka öryggi íbúa. „Garðabær hefur einnig fengið öryggisfyrirtæki til að auka sýnilegt eftirlit á kvöldin og á nóttunni þegar svona mál hafa komið upp.“ – **sa**

**Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Garðabæjar.**



# Áfengisneysla kvenna splundri fjölskyldum

**SRÍ LANKA** Maithripala Sirisena, forseti Srí Lanka, beitti í gær neitunarvaldi sínu gegn nýsamþykktu ríkisstjórnarfrumvarpi sem hefði heimilað srílönskum konum yfir sextán ára aldri að kaupa áfengi. Það hafa þær ekki mátt frá árinu 1955 en ríkisstjórnin vildi heimila áfengiskaup kvenna á þeim grundvelli að annað væri mismunun á milli kynja.

Samkvæmt BBC er lögunum ekki stranglega framfylgt en skrefið sem ríkisstjórnin ætlaði að stíga var þó vinsælt. Hins vegar töluðu æðstu munkar ríkisins, þar sem búddistar eru í meirihluta, gegn afléttingunni og sögðu að aukin neysla áfengis á meðal kvenna myndi gjöreyðileggja fjölskyldur þar í landi, að því er BBC greinir frá. Sirisena varaði við því að áfengisneysla kvenna þar í landi væri að aukast mikið. – **þea**

# Svara því að karlar fái herraklippingu 18 ára

**Einstaklingar þurfa að ná 25 ára aldri til að fara í ófrjósemisaðgerð. Tvisvar var blaðamanni tjáð að ekkert aldurstakmark væri fyrir karla til að fara í slíka aðgerð hjá Domus Medica. Landlæknir segir eðlilegt að málið sé skoðað.**




Starfsfólk Domus Medica framkvæmir ófrjósemisaðgerðir. Fyrsta skrefið í ferlinu er að fara í viðtal hjá þvagfæraskurðlækni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**JAFNRÉTTISMÁL** Þó lög setji aldurstakmörk við ófrjósemisaðgerð hjá báðum kynjum við 25 ár virðist það aldurstakmark aðeins eiga við um konur. Heildarendurskoðun laganna er hafin í heilbrigðisráðuneytinu þar sem meðal annars verður skoðað hvort breyta eigi aldurstakmörkunum sem þessum.

Fréttablaðið sagði frá því í síðustu viku að ung kona, 27 ára, ætli í ófrjósemisaðgerð. Lög um ófrjósemisaðgerðir eru frá árinu 1975 en þar kemur fram að kona og karl þurfi að vera 25 ára til að fá að fara í aðgerðina.

Fréttablaðið hringdi í tvígang í Domus Medica til að fá upplýsingar um hvert aldurstakmarkið væri fyrir karla. Í bæði skiptin var blaðamanni tjáð að það væri ekkert aldurstakmark hvað það varðaði. Lögin gera hins vegar ráð fyrir því að aldurstakmarkið sé hið sama fyrir karla og fyrir konur.

„Ef það er almennt svo að horft sé til aldurstakmarka gagnvart konum frekar en körlum þá finnst mér það ótrúlega merkilegt. Er hugmyndin þá sú að frekar þurfi að leiðbeina ungum konum en körlum í þessum málum? Ef svo er þá er verið að ýta undir það að konur hafi minna vald yfir sínum líkama en karlar,“ segir Katrín Björg Ríkarðsdóttir jafnréttisstýra. „Nú veit ég ekki hvort þetta sé almennt svona en þeir aðilar sem gera slíkar aðgerðir hljóta að þurfa að fara eftir lögum og gæta. Eitt verður yfir alla að ganga ef aldurstakmarkið er 25 ár í lögum um ófrjósemisaðgerðir.“

> Hins vegar er það svo að ef lögum er ekki framfylgt þarf að skoða það sérstaklega.
>
> Birgir Jakobsson landlæknir



Úr heilbrigðisráðuneytinu fengust þau svör að eftirlit með þessum aðgerðum og heilbrigðisþjónustu almennt væri í höndum landlæknisembættisins.

Birgir Jakobsson landlæknir segir að ef þetta sé rétt þurfi að skoða þetta nánar. „Ég get ekki tjáð mig um þetta mál nákvæmlega þar sem ég þekki ekki framkvæmdina. Hins vegar er það svo að ef lögum er ekki framfylgt þarf að skoða það sérstaklega.“ **sveinn@frettabladid.is**


# BRIDS SKÓLINN




VORNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í NÆSTU VIKU ...

**Byrjendur 22. janúar 8 mánudagar frá 20-23**
**Vörnin 24. janúar 5 miðvikudagar frá 20-23**

- Viltu læra brids? Á BYRJENDANÁMSKEIÐI er farið vel yfir leikreglur og grunn hins vinsæla Standard-sagnkerfis. Þú getur komið ein/einn og það er sama hvort þú ert 18 ára eða 90. Eða þar á milli.
- VARNARNÁMSKEIÐIÐ snýst um samtalið við makker. Skilur hann þig og skilur þú hann? Það fer eftir því hvaða reglur þið notið og hvernig þið beitið þeim. Námskeiðið fjallar um þessar reglur.



UPPLÝSINGAR OG INNRITUN
**898-5427** OG **bridge.is**
STAÐUR: **Síðumúli 37** Reykjavík

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY




## Enn reiðubúnari en áður í hvaða verk sem er

Það er mannlegt að þreytast á löngum vinnudegi og þá er ómetanlegt að geta reitt sig á óþreytandi bakhjarl sem dugar hvað sem á dynur. Komdu og skoðaðu þennan fjölhæfa sendibíl sem er þarfasti þjónn hins metnaðarfulla fagmanns.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með PROACE.**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans.
Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Reginn telur of langt gengið í að vernda íbúa miðborgarinnar

**SKIPULAGSMÁL** Fasteignafélög og íbúasamtök miðborgarinnar eru meðal þeirra sem gera athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi miðbæjar Reykjavíkur vegna veitingahúsa og gististaða. Ýmis sjónarmið togast á.

Fasteignafélagið Reginn, sem á Lokastíg 2 og Þórsgötu 1 þar sem Hótel Óðinsvé er til húsa, mótmælir breytingu á svæðinu sem felur í

**Því getur hávaði og ónæði fylgt fram yfir miðnætti.**

Benóný Ægisson, formaður Íbúasamtaka Miðborgarinnar



sér að ekki megi breyta núverandi atvinnu- og íbúðarhúsnæði þar í gistiþjónustu. Þetta sé hamlandi fyrir vöxt og viðgang núverandi hótels sem eigi þá ekki lengur möguleika á að taka fleiri byggingar við eða í næsta nágrenni undir hótelið.

„Þetta ógnar rekstri Hótels Óðinsvéa til framtíðar í samkeppni við ný hótel og bindur hendur rekstraraðila Hótels Óðinsvéa til að efla rekstrareininguna með fjölgun herbergja. Fasteignafélagið Reginn telur að með þessari viðbót sé óþarflega langt gengið í þeirri viðleitni að vernda íbúasamfélagið í jaðri miðborgarkjarnans,“ segir í bréfi Regins.

Stjórn Íbúasamtaka Miðborgarinnar vill þrengri skilgreiningu á aðalgötum og meiri takmarkanir á veitingahúsa- og gistihúsarekstri í miðbænum en í öðrum hverfum. Opnunartími nærri íbúabyggð verði ekki lengdur.

„Miðað við venju á íslenskum veitingastöðum eru drykkir framreiddir að lokunartíma og því getur háreysti og ónæði fylgt fram yfir miðnætti,“ segir í bréfi frá Benóný Ægissyni, formanni íbúasamtakanna. Breytingin var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði í þarsíðustu viku og vísað til borgarráðs. **– gar**

## Gagnrýna töf á nýju elliheimili

**HAFNARFJÖRÐUR** Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna í bæjarráði Hafnarfjarðar segja meirihluta Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar hafa komið í veg fyrir að nýtt hjúkrunarheimili væri opnað snemma árs 2016.

„Þrátt fyrir margra ára undirbúningsvinnu og umtalsverða fjárfestingu ákvað meirihlutinn strax í upphafi þessa kjörtímabils að rjúfa þá þverpólitísku samstöðu sem verið hafði um byggingu hjúkrunarheimilis, heilsugæslu og þjónustuíbúða fyrir aldraða á Völlum allt frá árinu 2006,“ segir í bókun. Meirihlutinn hafnar þessum ásökunum. **– gar**



**Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar.**

## Erfðaefnið kom upp um þjófinn

**LÖGREGLUMÁL** Tímamót urðu í sögu glæparannsókna hér á landi í síðustu viku þegar lögreglunni tókst að leysa gamalt innbrotsmál með því samkeyra DNA-sýni við erfðaefnisskrá Ríkislögreglustjóra. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi tækni er notuð hér á landi til að leysa glæpamál.

Lögreglan hefur á síðustu þremur árum verið að byggja upp erfðaefnisskrá með lífsýnum frá dæmdum brotamönnum og fyrir ári var byrjað samkeyra þennan gagnagrunn við lífsýni sem hafa fundist á glæpavettvangi. **– hks**

**LEIÐRÉTTING**

*Meðlimum þjóðkirkjunnar fækkaði ekki um 4.477 á þremur síðustu mánuðum ársins 2017 eins og sagði í fyrirsögn í blaðinu á laugardag heldur um 2.477.*

# Kynáttunarvandi barna eykst

**Sextán leituðu til barna- og unglingageðdeildar Landspítala vegna kynáttunarvanda í fyrra. Yngstu börnin sem leita þangað eru ekki orðin kynþroska. Fullorðnum einstaklingum fjölgar líka. Skýringar á fjölgun ekki fyrir hendi.**



Stuðnings- og baráttusamtök fyrir trans fólk á Íslandi voru stofnuð fyrir ellefu árum. Félagið á aðild að Samtökunum '78 og tekur jafnan virkan þátt í hinni árlegu Gleðigöngu ásamt mörgum fleiri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HEILBRIGÐISMÁL** Sextán beiðnir bárust barna- og unglingageðdeild Landspítalans í fyrra vegna kynáttunarvanda unglinga. Þar er starfandi transteymi sem vinnur með börnum og unglingum að átján ára aldri sem ekki eru sátt við það kyn sem þau fengu úthlutað við fæðingu.

Eftirspurnin eftir þjónustu teymisins hefur vaxið undanfarin ár, en í fyrra bárust einnig 16 beiðnir, tíu árið 2015, þrjár beiðnir árið 2014, fjórar árið 2013 og sex 2012.

„Þetta er í sjálfu sér frekar nýleg þjónusta hér. Svo þurfum við að vinna í því að efla þetta teymi og þurfum kannski til þess meira fjármagn,“ segir Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, barnageðlæknir á BUGL. Hún segir teyminu yfirleitt berast beiðnir vegna barna sem komin eru á unglingsár en líka vegna einstaka yngri barna.

Þegar leitað er eftir þjónustu frá teyminu fer af stað ákveðið greiningarferli sem hefst strax í fyrsta viðtali við barnið og foreldra. Það er útskýrt hvað felst í greiningarferlinu. Á eftir fylgja svo fleiri viðtöl við barnið og viðtöl við foreldra.

Óttar Guðmundsson geðlæknir segir fullorðnum einstaklingum sem leita til transteymis á geðsviði líka hafa fjölgað. Þegar byrjað var að veita meðferð fyrir um 20 árum var gert ráð fyrir um tveimur einstaklingum á ári. Nú eru þeir að jafnaði tveir til þrír í mánuði. Hann segir enga skýringu vera á þessari fjölgun. „Þetta

**Svo þurfum við að vinna í því að efla þetta teymi og þurfum kannski til þess meira fjármagn.**

Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, barnageðlæknir á BUGL



er alþjóðleg þróun og sést í öllum okkar nágrannalöndum. „Þessir einstaklingar koma fyrr til greiningar og það er það sem þau sjá á BUGL. Við sjáum nákvæmlega það sama hér í fullorðinsteyminu. Við sjáum fjölgun þessara einstaklinga og þeir verða yngri og yngri sem leita til okkar.“

Óttar segir ekki heldur vera neinar nýjar kenningar um það hvað veldur kynáttunarvandanum. „Það sem skiptir mjög miklu máli er að upplýsingaflæði nútímans sé virkt. Það sem helst hefur breyst er að það er miklu meira upplýsingaflæði fyrir hendi,“ segir hann.

Kynjahlutföll hafa gerbreyst á þeim 20 árum sem liðin eru frá því að byrjað var að veita meðferð hér. „Þegar þetta byrjaði þá voru kynjahlutföllin allt önnur. Ein bíólógísk kona á móti fimm karlmönnum. En núna eru kynjahlutföllin svo til þau sömu. Það er kannski 1,5 bíólógískur karl á móti einni konu. Þetta er gjörbreytt,“ segir Óttar. Konum í kynáttunarvanda hefur því fjölgað mikið. **– jhh**




útsala
50%
afsláttur af
öllum útsöluvörum
herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410
Mathilda
Kringlunni
552 8600
BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

## Íslendingar eru einna öflugastir í Veganúar

**SAMFÉLAG** Íslendingar eru í sjötta sæti á lista þeirra þjóða þar sem hæst hlutfall tekur þátt í Veganúar samkvæmt veganuary.com. Veganúar-átakið miðar að því að þátttakendur neyti ekki dýraafurða í janúarmánuði og lifi þar með hinum svokallaða vegan lífsstíl. Ekki er þó nauðsynlegt að skrá sig á síðunni til þess að taka þátt og því verður að setja fyrirvara við þetta sæti Íslendinga.

Páfagarður er í efsta sæti höfðatölulistans en á milli Páfagarðs og Íslands eru Bretland, Svíþjóð, Írland og Malta. Sé ekki litið til höfðatölu, einungis fjölda þátttakenda, eru Bretar í efsta sæti – **þea**

## Sirleaf var rekin úr flokki sínum

**LÍBERÍA** Ellen Johnson Sirleaf, fráfarandi forseti Líberíu, var í gær rekin úr flokki sínum, Samstöðu. Talsmaður flokksins sagði í gær að hún hafi brotið gegn lögum flokksins með því að styðja George Weah, verðandi forseta, í kosningabaráttunni í stað þess að berjast fyrir kjöri samherja síns, Joseph Boakai, en sá er fráfarandi varaforseti.

Sirleaf tjáði sig ekki um brottreksturinn í gær en hún er handhafi friðarverðlauna Nóbels og fyrsta konan til þess að ná kjöri sem forseti Afríkuríkis. – **þea**

## Íranska olíuskipið sokkið



**Íranska olíuskipið Sanchi, sem hafði verið alelda undanfarna viku, sökk í gær. Kínverska samgönguráðuneytið sendi frá sér þessa mynd í gær en samkvæmt írönskum yfirvöldum eru allir 32 skipverjarnir taldir af. Þar af voru þrjátíu frá Íran og tveir frá Bangladess. Skipið átti að flytja um það bil 136.000 tonn af olíu til Kína en Kínverjar hafa þó ekki orðið varir við meiriháttar olíuleka úr skipinu enn sem komið er.** NORDICPHOTOS/AFP

# Lofa umbótum á sjöunda degi mótmæla

**Mikil mótmæli hafa verið í Túnis undanfarna viku nú þegar sjö ár eru liðin frá arabíska vorinu. Mótmælendum þykir ekkert hafa breyst en ríkisstjórnin lofaði í gær 7,2 milljarða innspýtingu í velferðarkerfið.**

**TÚNIS** Tugir þúsunda Túnisa hafa mótmælt undanfarna viku og krafist þess að ríkisstjórn forsetans Beji Caid Essebsi láti af niðurskurðarstefnu sinni. Mótmælin héldu áfram í gær, jafnvel eftir að ríkisstjórnin tilkynnti, eftir tveggja tíma krísufund í forsetahöllinni, um aðgerðir, meðal annars í heilbrigðis- og húsnæðismálum.

Til að mynda lofaði ríkisstjórnin andvirði 7,2 milljarða króna innspýtingu í velferðarkerfið. „Þetta mun hjálpa 250.000 fjölskyldum. Þessar aðgerðir munu gagnast lág- og millistéttarfólki,“ sagði velferðarráðherrann Mohammed Trabelsi eftir fundinn.

Essebsi forseti heimsótti hið fátæka Ettdhamon-hverfi Túnisborgar í gær til þess að opna félagsmiðstöð fyrir ungmenni. Í stuttri ræðu sinni lofaði hann að beita sér fyrir því að störf myndu skapast fyrir ungmenni. „Við finnum til með ykkur og fjölskyldunum ykkar. En verið hófsöm, við erum ekki rík þjóð.“

Essebsi hefur rétt fyrir sér varðandi fjárhag ríkisins. Þegar arabíska vorið hófst, fyrir sjö árum, var efnahagsástandið á meðal þess sem almenningur var ósáttur við. Atvinnuleysi var mikið og spilling grasseraði. Nú telja mótmælendur að sömu vandamál hrjái ríkið enn. Hryðjuverkaárásir á ferðamannastaði hafi þar að auki gert ástandið verra þar sem þær hafa dregið úr heimsóknum ferðamanna.

Í desember síðastliðnum sagði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn túnisku ríkisstjórninni að nauðsynlegt og áríðandi væri að laga halla ríkissjóðs. Sjóðurinn veitti Túnisum þriggja milljarða dala lán fyrir rúmum tveimur árum.

Mótmælaaldan í Túnis reis 7. janúar síðastliðinn eftir að ríkisstjórnin hækkaði skatta. Hefur verið mótmælt á að minnsta kosti tíu svæðum í ríkinu og hefur lögregla handtekið að minnsta kosti 800 mótmælendur en 97 lögreglumenn hafa særst í átökunum. **thorgnyr@frettabladid.is**



**Mótmælin hafa verið langvarandi og einkar harðskeytt.** NORDICPHOTOS/AFP

60+

Fræðslufundur
um rétt til ellilífeyris

í BSRB-salnum, Grettisgötu 89
fimmtudaginn 18. janúar kl. 15.00.

Farið verður yfir lög um almannatryggingar,
m.a. tekjutengingar og frítekjumörk.

Skráning á tr.is.

TR

Tryggingastofnun
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is

PIPAR\TBWA · SÍA

„Þetta var tilvalið nám samhliða sölumannsstarfi og maður fékk tækifæri til að skyggnast inn í margt sem viðkemur rekstri, stjórnun og markaðssetningu fyrirtækja. Það hefur þegar nýst mér í starfi og styrkt framkomu mína og nálgun við viðskiptavini. Kennararnir þekkja sitt fag og léttleikinn er allsráðandi.

**Hermann Albertsson, fyrrverandi nemandi í Sölu-, markaðs- og rekstrarnámi**




# GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI

– með námi hjá Promennt

## SÖLU-, MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

Sérlega víðtæk tveggja anna námsbraut unnin í samstarfi við Framvegis – miðstöð símenntunar. Fyrir fólk sem vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með því að öðlast hagnýta þekkingu á sölu-, markaðs- og rekstrarmálum.

EINSTAKT VERÐ
Námið er styrkt af Fræðslusjóði. Þess vegna er hægt að bjóða þessa geysiöflugu námsbraut á hreint ótrúlegu verði eða aðeins 93.000 kr. (heildarvirði er 580.000 kr.).

FYRIR HVERJA?
Námið er ætlað fólki sem er 20 ára eða eldri og hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

MIKILL SVEIGJANLEIKI Í NÁMINU
Kennslufyrirkomulagið er nýstárlegt og skemmtilegt. Auk hefðbundinnar staðkennslu og fjarkennslu í beinni útsendingu er lögð sérstök áhersla á vendinám sem gefur nemendum tækifæri á að læra á eigin forsendum.

Hefst **13. febrúar** • **Kvöldhópur** • **Tvær annir**

## GRAFÍSK HÖNNUN

Grafísk vinnsla fyrir byrjendur sem vilja læra að hanna markaðsefni sjálfir eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Nemendur læra á Photoshop, Illustrator og InDesign og að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller. Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum.

Hefst **25. janúar** • **Kvöldhópur** • **20 skipti**

Ps Ai Id

## VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN

Vönduð námsbraut fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendaviðmóti vefumsjónarkerfi. Hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

Hefst **12. febrúar** • **Kvöldhópur** • **22 skipti**

### STÖK NÁMSKEIÐ

- WordPress – Vefurinn minn
- Photoshop 2
- Photoshop fyrir byrjendur
- Dreamweaver HTML og CSS
- Illustrator
- InDesign
- Myndbandavinnsla Adobe Premiere Pro
- Vefgreining með Google Analytics
- Tölvupóstmarkaðssetning

### UPPLIFUN NEMENDA

„Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram námsefnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli."
**Íris Magnúsdóttir, grafísk hönnun.**

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 174994

# Gerendur



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Frásagnir kvenna innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi eru skelfileg lesning. Orð sem vitna um ofbeldi yfirgang og ófyrirgefanlegt ofbeldi af hálfu karlmanna innan íþróttahreyfingarinnar í garð kvenna. Þetta er enn ein staðfestingin á því hversu djúpt þessar rætur liggja í menningu okkar og samfélagsgerð og hversu aðkallandi er að taka á þessum málum í samfélaginu, án undantekninga.

Það hefur verið forvitnilegt að fylgjast með viðbrögðunum við sögum og yfirlýsingu íþróttakvennanna og þar er vissulega margt jákvætt að finna. UMFÍ sendi frá fljótlega frá sér yfirlýsingu þar sem stuðningi er heitið við að útrýma þessari eyðileggjandi hegðun, ÍSÍ ályktar um að ofbeldi verði ekki liðið og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra stofnar starfshóp um gerð aðgerðaáætlunar um verklag þegar slík mál koma upp innan íþrótta- og æskulýðshreyfingarinnar. Áherslan er almenn, réttilega sem fyrstu skref, á aðstæður, öryggi og framtíð þolendanna en það er hætt við að slíkt muni duga skammt til þess að útrýma þessari óáran.

Íþróttahreyfingin, rétt eins og allir aðrir, þarf að skoða menninguna og það samfélag þar sem þessi fjári hefur grasserað lengi, konum til ómælds sársauka og skaða. Slík sjálfskoðun gæti reynst afar erfið en er engu að síður óhjákvæmileg ef það á að útrýma þessari hegðun með öllu. Kynbundin mismunun, kynferðisleg áreitni og kynferðislegt ofbeldi er alltaf og án undantekninga á ábyrgð gerenda og til þeirra verðum við að ná ef það á að takast að breyta ástandinu til betri vegar.

Við getum tekið dæmi af karlmanni sem brýtur af sér í starfi fyrir íþróttafélag og er vikið úr starfi. Segjum að brot viðkomandi sé tilkynnt til viðkomandi sérsambands og að jafnvel þar sé tekið þannig á málinu að viðkomandi sé útilokaður frá frekara starfi innan hreyfingarinnar en slíkt hefur þó því miður ekki alltaf verið raunin. En hvað svo? Viðkomandi er kannski í afneitun um alvarleika brotsins og afleiðingar þess og snýr sér bara að annarri íþrótt, skólastarfi eða guð má vita hverju og heldur áfram sinni eyðileggjandi hegðun. Hið sama gildir auðvitað um leikara, stjórnmálamenn eða hvern þann geranda sem horfist ekki í augu við gjörðir sínar og einfaldlega skiptir um starfsvettvang.

Hvort sem okkur líkar betur eða verr þurfum við því líka að ná til gerendanna því að öðrum kosti er viðbúið að hegðun þeirra endurtaki sig og jafnvel smiti út frá sér, til t.d. yngri og áhrifagjarnra karlmanna. Það þarf líka að fræða karlmenn á öllum aldri, innan skóla, vinnustaða, íþróttafélaga og þannig mætti áfram telja um afleiðingar þessarar hegðunar og hvernig beri að bregðast við henni í hvaða mynd sem hún birtist. Að allir karlmenn þurfi að líta svo á að þeir séu sekir uns annað er sannað er auðvitað ekkert annað en rakalaus þvættingur. Það breytir því ekki að gerendur eru í miklum meirihluta karlmenn og án breyttrar menningar og hegðunar af hálfu karlmanna er hætt við að illa fari áfram um ókomna tíð.

**Hið sama gildir auðvitað um leikara, stjórnmálamenn eða hvern þann geranda sem horfist ekki í augu við gjörðir sínar og einfaldlega skiptir um starfsvettvang.**

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

## Halldór




## Frá degi til dags

**Borgarlína lögð fyrir kosningar**

Greinilegt er hvaða mál verður í brennidepli í kosningabaráttunni í vor á höfuðborgarsvæðinu. Öllum finnst þörf á að koma sinni skoðun á fyrirhugaðri borgarlínu að og bættist Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, sem áður var titlaður skipulagsfræðingur en nú formaður Miðflokksins, í þann hóp í gær eftir viðtal á Sprengisandi á Bylgjunni.

Stillti Sigmundur Davíð Miðflokknum þar upp í andstöðu við meirihlutann í borgarstjórn og sagði hættulega braut, eða línu, fetaða með áformum um borgarlínu og sagði hugmyndina galna. Borgarstjóri gagnrýndi Sigmund Davíð á Twitter í kjölfarið og endurtísti meðal annars tísti Konráðs S. Guðjónssonar hagfræðings um að Leiðréttingin svokallaða hafi kostað meira á nokkrum mánuðum en borgarlínan á nokkrum áratugum.

**Klámstjörnur þegi**

Fréttir berast frá Bandaríkjunum af því að klámstjörnur greini nú frá því að lögfræðingar Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, hafi á síðasta áratug gengið frá samkomulagi við þær um að þær þegðu um meinta kynferðislega áreitni Trumps í þeirra garð. En eins og með ýmislegt annað sem gerst hefur á stuttri forsetatíð Trumps virðast mál sem myndu fella hvaða annan forseta sem er varla bíta á honum.

thorgnyr@frettabladid.is

# Í svartnætti fátæktarinnar



Ellert B. Schram
form. Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Það gengur á ýmsu að því er varðar málefni eldri borgara. Ég held samt að stjórnvöld hafi toppað allar aðgerðir sínar, þegar fjárlög voru samþykkt í lok ársins.

**Ferillinn er þessi:**

Eins og við öll vitum, greiða Almannatryggingar ellilífeyri til eldri borgara. Þær voru hæstar 280 þús. kr. pr. mánuð á síðasta ári. Hækkanir á ellilífeyri eru í samræmi við neysluvísitölu samkvæmt lögum þar að lútandi.

Fyrir tveim árum þótti ljóst að ellilífeyrir væri of lágur og síðasta ríkisstjórn setti lög um að hækka ellilífeyri TR í áföngum, allt upp í 300 þú.s kr. pr. mánuð án tillits til neysluvísitölunnar. Lokahækkunin átti að eiga sér stað um áramótin núna.

Svo er stofnað til nýrrar ríkisstjórnar í desember og hvað gerist? Jú, staðið er við gildandi lög um 20 þús. kr. hækkunina, úr 280 þús. í 300 þús. kr. en með þeirri aðferð að fella hækkun neysluvísitölunnar (4,7%) inn í þá upphæð. Gefa með vinstri, til að taka með hægri.

**Ríkisútgjöldin er notuð til að borga sig sjálf.**

Þetta gerist á þeim tíma, þegar upplýst er um ákvarðanir kjararáðs um launahækkanir hjá margvíslegum stéttum og starfsmönnum, um tugi prósenta og afturvirkar til margra mánaða.

Samfélagið virðist hafa efni á að stórhækka kjör fólks hér og þar í kerfinu, en síðan er notuð sú aðferð hjá ríkinu, gagnvart eldri borgurum, að láta þá borga sína litlu hækkun með fé úr sínum eigin vasa. Og við erum ekki að tala um milljónir eða milljarða. Við erum að lifa af greiðslum frá TR. Hverjar tuttugu þúsund krónur skipta þennan hóp miklu máli og þessi vinnubrögð eru fyrir neðan alla virðingu og réttlæti. Fólk, sem hefur ekki meira til framfærslu en hér hefur verið rakið, er fólkið, sem við skiljum eftir í svartnætti fátæktarinnar.

**Síðan er notuð sú aðferð hjá ríkinu, gagnvart eldri borgurum, að láta þá borga sína litlu hækkun með fé úr sínum eigin vasa.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjaranh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Klisjan 2020

Í DAG



Pawel Bartoszek

**Klisjan þarf helst að hafa skráð sig í stjórnmálaflokk fyrir tvítugt. Mér er sama í hvorn flokkinn.**

Ég veit upp á hár hvernig ég vil hafa næsta forseta Bandaríkjanna. Ég vil ekkert frumlegt, nýtt, eða ferskt. Bandaríska þjóðin valdi ansi ferskt og frumlegt síðast. Næsta týpa sem velst í þetta starf þarf að vera holdgervingur ófrumleikans; spaghettí bolognese í mannsmynd. Já, við þurfum Klisju.

**Klisja vex úr grasi**

Mér er sama hvar Klisja er fædd. Eina krafan sem ég geri að að hún tali vel um heimabæ sinn og fjölskyldu og búi til sögu sem hylji efnahagslegan bakgrunn hennar. Segi að foreldrar sínir hafi unnið mikið en samt elskað sig og gefið sér hvolp. Eða hjálpað sér að eignast fyrsta bílinn. Klisjan þarf að geta lýst fyrsta bílnum sínum rækilega. Já, og bíllinn verður að vera amerískur.

Mér er reyndar sama þó að Klisjan sé efnuð. Hún má alveg vera efnuð en þá þarf hún bara að vinna sig upp ættartréð, finna fátækan forföður og rifja upp hjartnæma sögu hans: „Langaafi minn kom hingað frá Ítalíu í stuttbuxum og nærbol einum fata, en fann vinnu og vann 18 tíma á dag. Bara til að við hefðum það betra. Ég hugsa oft til hans.“

**... lærir lögfræði**

Menntun Klisjunnar skiptir miklu máli. Eina menntunin sem ég tek gilda hjá Klisju-forseta er lögfræði eða stjórnmálafræði. Ég vil að kennarar og samnemendur minnist Klisjunnar sem metnaðarfulls nemanda sem var um leið algerlega áhugalaus um akademískan frama. Ég vil fá einhvern sem var frábær í lögfræði (eða stjórnmálafræði) en leiddist hún samt. Ég vil einhvern sem kláraði bara námið til að geta sagst vera eitthvað í fyrsta prófkjörinu.

Ég fyrirgef Klisjunni stutt stopp á vinnumarkaðnum, en aðeins ef það er hluti af blygðunarlausri ímyndaruppbyggingu. Klisjan þarf að geta sagt hluti á borð við: „Eftir námið gat ég hvergi fundið vinnu, svo ég steikti borgara í vegasjoppu. En svo vann ég mig upp í það að vera aðstoðarmaður þingmanns. Svona eru Bandaríkin!“

Ég vil ekki viðskiptabakgrunn nema í skötulíki, og þá aðeins við eigin fjölskyldurekstur og aðeins sem augljósan biðleik í stjórnmálum.

Og kæra fólk með raunvísinda- eða hagfræðimenntun! Haldið áfram að pikka á reiknivélina, forsetaembættið er ekki fyrir ykkur.

**... tranar sér fram**

Klisjan á með engu móti að geta kallað sig utanbæjarmanneskju í stjórnmálum. Klisjan þarf að hafa búið í Washington meirihluta ævinnar, þó hún megi halda lögheimilinu annars staðar. Til að það lúkki betur.

Klisjan þarf helst að hafa skráð sig í stjórnmálaflokk fyrir tvítugt. Mér er sama í hvorn flokkinn. Ef Klisjan er frá Suðurríkjunum þá finnst mér ekkert að því ef hún hefur byrjað ferilinn hjá Repúblikönum. Ef Klisjan er frá New York þá tek ég ekki mark á henni nema að hún hafi skráð sig í Demókrata á fyrsta ári í háskóla.

Þá er ekkert að því að Klisjan einfaldlega skipti um flokk ef ferill hennar er ekki að fara neitt. Hins vegar vil ég ekki sjá fólk sem byrjaði í smáflokkum eða var jafnvel óflokksbundið langt fram á fullorðinsár.

Ferill Klisjunnar í stjórnmálum má innihalda hæðir og lægðir, sigra og töp, tímabil þar sem klisjan situr í kjörnum embættum sem og tímabil þar sem hún hreppir augljósa bitlinga vegna pólitískra tengsla. Stjórnarsetur, aðstoðarmannastöður, kosningabaráttugigg, verkefni á vegum lobbýista eða flokkspólitískra hugveitna. Klisjan þarf að halda sér í faginu. Því pólitík er fag.

**... og verður leiðinlegur forseti**

Ég vil ekki að Klisjan sé þekkt fyrir „hreinskilni“. Forseti á ekki að segja hlutina „eins og þeir eru“. Forseti á tala eins og fagmaður. Þegar Klisju-forseti tekur til máls á fólki ekki að líða eins og þegar það er langt liðið á brúðkaupsveisluna og furðulegi frændinn, sem allir vita að fílaði fyrri makann betur, vill fá að halda ræðu.

Við kvörtum undan því að stjórnmálamenn tali í gátum og vilji engan stuða. En kannski gera þeir það bara út af því að það er skárra þannig. Kannski er skárra að vera með fagmenn sem tala í klisjum og eru klisjur. Við höfum nú allavega prófað hitt.

# Leysum leikskólavandann



Eyþór Arnalds
frambjóðandi í leiðtogaprófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

**Reykvískir foreldrar gera þá eðlilegu kröfu til Reykjavíkurborgar að þeim standi leikskólapláss til boða fyrir börn sín.**

Börn hafa ítrekað verið send heim af leikskólum Reykjavíkur vegna manneklu að undanförnu. Aðlögun barna hefur verið skert og deildir hafa lokað. Aðeins helmingur leikskóla í Reykjavík eru fullmannaðir. Enn vantar 46 stöðugildi og hundruð leikskólabarna hafa þurft að vera heima vegna þessa ástands. Þá er skortur á dagforeldrum sömuleiðis mikill í Reykjavík og margir foreldrar flytja yfir í önnur sveitarfélög vegna þessa. Vandinn er því bæði raunverulegur og mikill. Þetta þarf að leysa.

Reykvískir foreldrar gera þá eðlilegu kröfu til Reykjavíkurborgar að þeim standi leikskólapláss til boða fyrir börn sín. Þeir eiga ekki að búa við það óöryggi að þurfa að fara úr vinnu fyrirvaralaust vegna undirmönnunar í leikskólunum. Reykjavíkurborg hefur hins vegar aldrei haft eins miklar tekjur og nú. Mesta



tekjugóðæri Íslandssögunnar stendur yfir og hefur Reykjavík því notið stóraukinna tekna bæði af útsvari, ferðamönnum og hækkandi fasteignasköttum. Stjórnkerfi Reykjavíkur hefur stækkað mikið samhliða þessu og er orðið bæði dýrt og óskilvirkt. Það þarf að hagræða í yfirbyggingu stjórnkerfis borgarinnar og fjármagna þannig lausn leikskólavandans.

Fordæmi eru fyrir því að skera niður í stjórnkerfinu og skila þeim ávinningi til íbúanna. Þegar ég var oddviti í Árborg var stjórnunarkostnaður skorinn verulega niður og þjónusta við íbúana aukin meðal annars með opnun leikskólarýma sem á fyrra kjörtímabili hafði verið lokað í sparnaðarskyni. Það er því hægt að leysa leikskólavandann án þess að skuldsetja borgina meira en orðið er.

Ég ætla að taka til á kostnaðarhliðinni þar sem bruðl og óþarfa yfirbygging er fyrir hendi – og skila ávinningnum til íbúanna með betri þjónustu.



EHF EURO CROATIA 2018

## ÍSLAND - KRÓATÍA 22-29 (13-14)

### Maður leiksins

Aron Pálmarsson var allt í öllu í sóknarleik íslenska liðsins. Hafnfirðingurinn byrjaði leikinn sérstaklega vel. Aron var markahæstur hjá Íslandi með fimm mörk og gaf þrjár stoðsendingar.



### Hættulegustu mennirnir

Mörk + stoðsendingar

| | |
|---|---|
| 8 Aron Pálmarsson | 5+3 |
| 4 Arnór Þór Gunnarsson | 4+0 |
| 4 Ólafur Guðmundsson | 3+1 |
| 3 Janus Daði Smárason | 3+0 |
| 3 Ómar Ingi Magnússon | 3+0 |
| 3 Rúnar Kárason | 2+1 |

**12** Íslendingar voru með 12 tapaða bolta en Króatar bara fjóra.

**Arnór Þór Gunnarsson** hefur nýtt öll sex vítin sem hann hefur tekið á EM.

**0** Íslendingar fengu ekki mark úr hornunum í leiknum.

**9** Ísland skoraði aðeins níu mörk í seinni hálfleik.

### Mörk úr leikstöðum




# Lentu á króatískum varnarvegg

**Ísland náði ekki að fylgja frábærum fyrri hálfleik gegn Króatíu eftir í leik liðanna í Split í gær. Sjö marka tap var niðurstaðan og Íslendinga bíður úrslitaleikur gegn Serbum á morgun.**

EHF EURO CROATIA 2018



Ingvi Þór Sæmundsson
ingvithor@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Eins og svo oft áður reyndist Króatía of stór hindrun fyrir strákana okkar á stórmóti. Króatar unnu leik liðanna í gær, 22-29, og eru með fullt hús stiga í A-riðli og komnir áfram í milliriðil. Íslendingar eru aftur á móti með tvö stig og mega ekki tapa fyrir Serbum í lokaleik sínum í riðlakeppninni á morgun. Með sigri á Serbíu fer Ísland með tvö stig inn í milliriðil. Serbar hafa tapað báðum leikjum sínum á EM og engin leið að segja í hvaða hugarástandi þeir mæta til leiks á morgun.

Íslenska liðið spilaði frábæran fyrri hálfleik en í þeim seinni sýndu Króatar mátt sinn og megin og keyrðu yfir Íslendinga. Domagoj Duvnjak lék ekki með Króatíu í gær en það breytti engu.

Fyrri hálfleikurinn var einkar vel spilaður af Íslands hálfu. Aron Pálmarsson byrjaði leikinn af miklum krafti og hann kom Íslandi yfir, 7-8, á 17. mínútu. Króatía svaraði með 5-1 kafla en Íslendingar neituðu að gefa sig og minnkuðu muninn í eitt mark fyrir hlé, 13-14.

Skotnýting Íslands í fyrri hálfleik var frábær, 87%, en töpuðu boltarnir voru alltof margir, eða átta. Þá var varnarleikurinn ekki nógu sterkur en Íslendingar áttu í miklum vandræðum með leikstjórnanda Króata, Luka Cindric, sem skoraði sjö mörk og gaf fimm stoðsendingar í leiknum.

Janus Daði Smárason jafnaði metin í 14-14 í upphafi seinni hálfleiks en Króatar skoraði næstu fimm mörk og náðu heljartaki á Íslendingum sem þeir slepptu ekki. Sóknarleikur íslenska liðsins var afar óskilvirkur og vörnin ekki nógu þétt. Til að bæta gráu ofan á svart byrjaði Ivan Stevanovic að verja eins og óður maður í króatíska markinu.

Íslenska liðið sá aldrei til sólar í seinni hálfleik. Töpuðu boltunum fækkaði reyndar en skotnýting versnaði. Íslendingar klesstu einfaldlega á króatískan varnarvegg. Þá var varnarleikur íslenska liðsins aldrei nógu sterkur í leiknum og markvarslan í seinni hálfleik var engin.

Íslendingar hafa sýnt á sér ýmsar hliðar á þessu móti. Góðu kaflarnir hafa verið frábærir en slæmu kaflarnir hafa verið full langir og full margir. Framundan er úrslitaleikur gegn Serbíu og Ísland er með örlögin í eigin höndum. Sigur og Íslendingar fara með tvö stig í milliriðli. Það væri frábær niðurstaða.



**Ómar Ingi Magnússon var í byrjunarliði og skoraði þrjú mörk.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

SAGT EFTIR LEIK

### „Margt mjög jákvætt“



„Það er margt sem fer um kollinn á manni. Ég er stoltur af drengjunum allan leikinn. Þeir voru að gefa allt í þetta,“ sagði landsliðsþjálfarinn Geir Sveinsson eftir leik. „Það var margt mjög jákvætt og við náðum að rúlla þessu. Flestallir komu inn á og það voru mjög góðir kaflar inni á milli. Þeir þurftu að hafa fyrir þessu.“

EHF EURO CROATIA 2018

**A-riðill**

**Ísland - Króatía 22-29**

**Mörk Íslands (Skot):** Aron Pálmarsson 5 (10), Arnór Þór Gunnarsson 4/3 (4/3), Ómar Ingi Magnússon 3 (4), Janus Daði Smárason 3 (5), Ólafur Guðmundsson 3 (3), Rúnar Kárason 2 (3), Arnar Freyr Arnarsson 1 (2), Guðjón Valur Sigurðsson 1 (3), Ásgeir Örn Hallgrímsson (1).

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 7/1 (31/2, 23%), Ágúst E. Björgvinsson 1 (6, 17%).

**Mörk Svíþjóðar:** Luka Cindric 7, Igor Karacic 4/1, Manuel Strlek 4, Luka Stepancic 4, Marko Mamic 4, Ivan Cupic 2, Denis Buntic 2, Marko Kopljar 1, Igor Vori 1.

**Serbía - Svíþjóð 25-30**

**Stig þjóða:** Króatía 4, Svíþjóð 2, Ísland 2, Serbía 0.

**B-riðill**

**Austurríki - Frakkland 26-33**
**Noregur - Hvíta-Rússland 33-28**

**Stig þjóða:** Frakkland 4, Noregur 2, Hvíta-Rússland 2, Austurríki 0.

**C-riðill**

**Þýskaland - Svartfjallaland 32-19**
**Makedónía - Slóvenía 25-24**

**Stig þjóða:** Þýskaland 2, Makedónía 2, Slóvenía 0, Svartfjallaland 0.

**D-riðill**

**Spánn - Tékkland 32-15**
**Danmörk - Ungverjaland 32-25**

**Stig þjóða:** Spánn 2, Danmörk 2, Ungverjaland 0, Tékkland 0.

### MISJAFNT GENGI HJÁ ÍSLENSKU ÞJÁLFURUNUM



Kristján Andrésson stýrði Svíum til sigurs á Serbum, 25-30, í gær. Sænska liðið náði þarna í sín fyrstu stig í A-riðli. Svíþjóð mætir Króatíu í lokaleik sínum í riðlakeppninni annað kvöld. Það gekk ekki jafn vel hjá Patreki Jóhannessyni og lærisveinum hans í austurríska landsliðinu sem töpuðu, 26-33, fyrir heimsmeisturum Frakka. Austurríkismenn eru án stiga í B-riðli. Þeir mæta Norðmönnum í lokaleik sínum á morgun.

### EM-dagskráin

| | |
|---|---|
| **17.15 Slóvenía - Þýskaland** | C-riðill |
| **19.30 Svartfj. - Makedónía** | C-riðill |
| **17.15 Ungverjal. - Spánn** | D-riðill |
| **19.30 Tékkland - Danmörk** | D-riðill |




# Öryggismál eru samskiptamál

Námskeiðið **Framúrskarandi öryggismenning** (Behavior based safety leadership program) hefur áhrif á viðhorf einstaklinga og eflir frumkvæði þeirra í að láta öryggismál sig varða. Það eykur ábyrgðartilfinningu fyrir eigin öryggi og samstarfsmanna. Þátttakendur vinna að raunverulegu úrbótaverkefni er lýtur að því að innleiða sýn fyrirtækisins í öryggismálum.

**Ávinningur:**

- Skapar sýn á framúrskarandi árangur í öryggismálum
- Byggir upp sjálfstraust og hæfni til að sýna frumkvæði
- Styrkir samskiptahæfni til að bregðast við krefjandi aðstæðum
- Eflir tjáskipti til að höfða til ólíkra einstaklinga
- Þroskar hæfni í 360° stjórnun
- Eykur hæfni til að hafa áhrif á viðhorf til öryggismála

**Hefst 14. mars • Nánar á dale.is**

Dale Carnegie®

Copyright © 2018 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. ad_sec_121317_iceland



Mané fagnar eftir að hafa komið Liverpool í 3-1. NORDICPHOTOS/GETTY

# Liverpool fyrst til að vinna City

**FÓTBOLTI** Liverpool varð í gær fyrsta liðið til að bera sigurorð af Manchester City í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu. Leikar fóru 4-3, Liverpool í vil. Rauði herinn er á blússandi siglingu og kominn upp í 3. sæti deildarinnar.

Alex Oxlade-Chamberlain kom Liverpool yfir á 9. mínútu en Leroy Sané jafnaði rétt fyrir hálfleik. Liverpool setti í fluggírinn í seinni hálfleik og skoraði þrjú mörk á níu mínútum. Roberto Firmino, Sadio Mané og Mohamed Salah gerðu mörkin.

Bernardo Silva og Ilkay Gündogan hleyptu spennu í leikinn með tveimur mörkum undir lokin en Liverpool hélt út og fagnaði sigri. – iþs

# Hætt að keppa á stórmótum

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir er hætt keppni á stórmótum erlendis. Hún er 26 ára. Ingibjörg Kristín Jónsdóttir, sem keppir einnig fyrir Sundfélag Hafnarfjarðar, hefur tekið sömu ákvörðun. Hrafnhildur og Ingibjörg greindu frá þessu á þakkargjörðarhátíð í Ásvallalaug í gær. Þær leggja báðar stund á háskólanám.

Hrafnhildur hefur náð frábærum árangri á síðustu árum, sérstaklega árið 2016. Þá vann hún þrenn verðlaun á EM í London og lenti í 6. sæti í úrslitum í 100 metra bringusundi á Ólympíuleikunum í Ríó. Hrafnhildur endaði í 5. sæti í 50 metra bringusundi á EM í 25 metra laug í desember. Það reyndist hennar síðasta stórmót á ferlinum. – iþs



Hrafnhildur Lúthersdóttir, sundkona

# Ricardo rekinn

**KÖRFUBOLTI** Skallagrímur rak um helgina Ricardo González Dávila úr starfi þjálfara kvennaliðs og yngri flokka félagsins.

Spánverjinn tók við Skallagrími af landa sínum Manuel Rodríguez fyrir tímabilið. Hann skilur við Skallagrím í 6. sæti Domino's-deildar kvenna. Borgnesingar hafa unnið sjö deildarleiki og tapað átta í vetur.

Ricardo stýrði Skallagrími í síðasta sinn þegar liðið tapaði fyrir Njarðvík í undanúrslitum Maltbikarsins á fimmtudaginn. Leikhlé Ricardos í þeim leik þóttu ansi sérstök en svo virtist sem strengurinn milli þjálfara og leikmanna væri brostinn.

Í tilkynningu frá Skallagrími kom fram að unnið væri að ráðningu nýs þjálfara kvennaliðsins. – iþs

# Fyrsta þrenna landsliðsmanns frá því í Bern 2013

**FÓTBOLTI** Albert Guðmundsson varð fyrsti leikmaðurinn til að skora þrennu fyrir íslenska landsliðið í fimm ár þegar það vann 1-4 sigur á U-23 ára liði Indónesíu í vináttulandsleik í Djakarta í gær.

Albert byrjaði leikinn á varamannabekknum en kom inn á fyrir Arnór Ingva Traustason á 27. mínútu. Tveimur mínútum síðar kom Ilham Udin Armayn Indónesíu yfir eftir skelfileg mistök Rúnars Alex Rúnarssonar í marki Íslands. Þegar tvær mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma í fyrri hálfleik jafnaði Albert metin þegar hann fylgdi eftir skoti sem markvörður Indónesa varði frá honum.

Arnór Smárason kom Íslandi yfir á 58. mínútu með sínu þriðja landsliðsmarki. Sex mínútum síðar fiskaði Albert vítaspyrnu. Hann fór sjálfur á punktinn og skoraði af öryggi. Á 71. mínútu skoraði Albert svo sitt þriðja mark og fjórða mark Íslands. Fleiri urðu mörkin ekki og Ísland vann því öruggan sigur, 1-4. Ísland vann úrvalslið Indónesíu á fimmtudaginn, 0-6, og þá lagði Albert upp fjögur mörk. Ekki amalegir leikir hjá stráknum sem gerir sterkt tilkall til að vera í íslenska hópnum sem fer á HM í Rússlandi í sumar.

Albert er tíundi leikmaðurinn sem skorar þrennu fyrir íslenska A-landsliðið og sá fyrsti sem afrekar það síðan Jóhann Berg Guðmundsson skoraði þrjú mörk í frægu 4-4 jafntefli Íslands og Sviss í Bern 2013. Það er jafnframt eina þrenna Íslendings í mótsleik. – iþs

**7**

**Albert Guðmundsson kom með beinum hætti að sjö mörkum í leikjunum tveimur gegn Indónesíu.**




# Skil á upplýsingum vegna skattframtals 2018

Skila skal eftirtöldum upplýsingum vegna ársins 2017
á **rafrænu formi** á þjónustusíðunni **skattur.is**

**Skilafrestur er til 20. janúar**

**Launa- og verktakaupplýsingar**
Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi (þ.m.t. kaup- og söluréttarsamningar), lífeyri, bætur, styrki, greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu) eða aðrar greiðslur (þ.m.t. umsýslu- eða umboðsgreiðslur, s.s. í ferðaþjónustu o.fl.). Einnig allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa látið launamönnum eða öðrum vélknúin ökutæki í té til afnota.

**Hlutafjárupplýsingar**
Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög og sparisjóðir.

**Stofnsjóðsupplýsingar**
Skilaskyld eru öll samlagsfélög, sameignarfélög og samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

**Viðskipti með hlutabréf/afleiður og önnur verðbréf**
Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf/afleiður og öll önnur verðbréf.

**Innstæður**
Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar, eða hafa milligöngu um ávöxtun eða aðra ráðstöfun fjármuna.

**Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi**
Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun. Sama á við um söluréttarsamninga.

**Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit**
Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

**Lánaupplýsingar**
Bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán. Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga og lögaðila.

**Greiðslur fyrir leigu eða afnot**
Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum. Einnig þeir sem hafa í atvinnuskyni milligöngu um útleigu.

**Fjármagnstekjur**
Þeir aðilar sem innheimt hafa vexti skulu skila upplýsingum um slíkar fjármagnstekjur og tilgreina sundurliðun á móttakendur og þá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem haldið hefur verið eftir. Hér er einkum um að ræða innheimtuaðila, t.d. lögmannsstofur.

**Staðfesting á tilteknum hlutabréfakaupum (listi yfir þátttakendur)**
Skilaskyld eru öll hlutafélög og einkahlutafélög sem fengið hafa staðfestingu ríkisskattstjóra á að þau uppfylli skilyrði fyrir því að kaup einstaklinga á hlutum í hlutafjáraukningu félagsins geti veitt rétt til skattfrádráttar sbr. B-lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2017

Nánari upplýsingar á **rsk.is**

Premier League

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 23. umferðar 2017-18**

**Chelsea - Leicester 0-0**

**C. Palace - Burnley 1-0**
1-0 Bakary Sako (21.).

**Huddersf. - West Ham 1-4**
0-1 Mark Noble (25.), 1-1 Joe Lolley (40.), 1-2 Marko Arnautovic (46.), 1-3 Manuel Lanzini (56.), 1-4 Lanzini (61.).

**Newcastle - Swansea 1-1**
0-1 Jordan Ayew (60.), 1-1 Joselu (68.).

**Watford - Southampton 2-2**
0-1 James Ward-Prowse (20.), 0-2 Ward-Prowse (44.), 1-2 Andre Gray (58.), 2-2 Abdoulaye Doucouré (90.).

**West Brom - Brighton 2-0**
1-0 Jonny Evans (4.), 2-0 Craig Dawson (55.).

**Tottenham - Everton 4-0**
1-0 Son Heung-Min (26.), 2-0 Harry Kane (47.), 3-0 Kane (59.), 4-0 Christian Eriksen (81.).

**Bournemouth - Arsenal 2-1**
0-1 Hector Bellerin (52.), 1-1 Callum Wilson (70.), 2-1 Jordon Ibe (74.).

**Liverpool - Man. City 4-3**
1-0 Alex Oxlade-Chamberlain (9.), 1-1 Leroy Sané (40.), 2-1 Roberto Firmino (59.), 3-1 Sadio Mané (61.), 4-1 Mohamed Salah (68.), 4-2 Bernardo Silva (84.), 4-3 Ilkay Gündogan (90+1.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man. City | 23 | 20 | 2 | 1 | 67-17 | 62 |
| Man. Utd. | 22 | 14 | 5 | 3 | 45-16 | 47 |
| Liverpool | 23 | 13 | 8 | 2 | 54-28 | 47 |
| Chelsea | 23 | 14 | 5 | 4 | 41-16 | 47 |
| Tottenham | 23 | 13 | 5 | 5 | 46-21 | 44 |
| Arsenal | 23 | 11 | 6 | 6 | 41-30 | 39 |
| Burnley | 23 | 9 | 7 | 7 | 19-20 | 34 |
| Leicester | 23 | 8 | 7 | 8 | 34-32 | 31 |
| Everton | 23 | 7 | 6 | 10 | 25-38 | 27 |
| Watford | 23 | 7 | 5 | 11 | 33-42 | 26 |
| West Ham | 23 | 6 | 7 | 10 | 29-41 | 25 |
| C. Palace | 23 | 6 | 7 | 10 | 21-33 | 25 |
| B'mouth | 23 | 6 | 6 | 11 | 24-35 | 24 |
| Huddersf. | 23 | 6 | 6 | 11 | 19-39 | 24 |
| Newcastle | 23 | 6 | 5 | 12 | 21-31 | 23 |
| Brighton | 23 | 5 | 8 | 10 | 17-29 | 23 |
| S'oton | 23 | 4 | 9 | 10 | 23-34 | 21 |
| Stoke | 22 | 5 | 5 | 12 | 23-47 | 20 |
| West Brom | 23 | 3 | 10 | 10 | 18-30 | 19 |
| Swansea | 23 | 4 | 5 | 14 | 14-35 | 17 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**

Everton
**Gylfi Þór Sigurðsson**

Lék allan leikinn þegar Everton steinlá fyrir Tottenham, 4-0. Everton er án sigurs í síðustu fimm deildarleikjum.

Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**

Var á sínum stað í byrjunarliði Burnley sem laut í lægra haldi fyrir Crystal Palace á útivelli, 1-0.

Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**

Er enn frá vegna meiðsla og lék ekki með Cardiff í 4-0 stórsigri á Sunderland.

Reading
**Jón Daði Böðvarsson**

Sat allan tímann á bekknum þegar Reading gerði markalaust jafntefli við Hull.

Aston Villa
**Birkir Bjarnason**

Lék seinni hálfleikinn í 0-1 útisigri Aston Villa á Nottingham Forest.

Bristol City
**Hörður B. Magnússon**

Kom inn á undir lokin þegar Bristol City tapaði 0-1 fyrir Norwich á heimavelli.



**Helgi Rafn Viggósson, fyrirliði Tindastóls, lyftir bikarnum hátt á loft eftir sigurinn stóra á KR í úrslitaleik Maltbikarsins á laugardaginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Komnir með titlauppskriftina

**Tindastóll vann fyrsta stóra titilinn í sögu félagsins þegar liðið vann 27 stiga sigur á KR, 69-96, í úrslitaleik Maltbikars karla á laugardaginn. Uppbygging síðustu ára og áratuga skilaði loksins bikar á Krókinn.**

**KÖRFUBOLTI** Ef það er hægt að spila hinn fullkomna leik þá gerði Tindastóll það gegn KR í úrslitaleik Maltbikars karla á laugardaginn. Stólarnir voru yfir allan leikinn, komust í 0-14 og 2-19 og unnu á endanum 27 stiga sigur, 69-96, og fögnuðu vel og innilega fyrsta stóra titlinum í sögu félagsins. Hungrið var mikið hjá leikmönnum Tindastóls sem voru miklu sterkari í úrslitaleiknum og léku við hvern sinn fingur.

„Þetta er magnað. Ég er ánægður með að við höfum loksins stigið yfir þennan þröskuld. Við erum búnir að reka stóru tána ansi oft í hann," sagði Helgi Freyr Margeirsson, aldursforsetinn í liði Tindastóls.

### Byrjaði 14 ára

Helgi hefur verið lengi að en hann spilaði sinn fyrsta leik með meistaraflokki Tindastóls aðeins 14 ára gamall. Hann hefur gengið í gegnum ýmislegt með félaginu, spilað í næstefstu deild og verið í liðum sem hafa verið nálægt því að vinna titla, m.a. árið 2012 þegar Tindastóll tapaði fyrir Keflavík í bikarúrslitum.

„Við erum búnir að bíða lengi eftir þessu. Við höfum farið einu sinni áður í bikarúrslit og verið með lið til þess að fara alla leið en aldrei náð að setja saman heilsteypta leiki eins og núna," sagði Helgi en síðustu þrír leikir Tindastóls í Maltbikarnum voru gegn þremur efstu liðum Domino's-deildarinnar; ÍR, Haukum og KR.

Helgi segir að leikáætlun Stólanna í úrslitaleiknum á laugardaginn hafi ekki verið mjög flókin.

„Við einsettum okkur að einfalda hluti hvað taktína varðar. Við vorum með einfalda taktík, bæði í vörn og sókn, en gáfum frekar meira í. Það var ekkert hik á mönnum og við förum á fullum krafti í allt," sagði Helgi sem var eini leikmaður Tindastóls sem skoraði ekki í úrslitaleiknum sem sýnir breiddina í liðinu.

Israel Martin, þjálfari Tindastóls, notaði 11 leikmenn meðan leikurinn var jafn og aðeins einn leikmaður lék meira en 30 mínútur. Það var Pétur Rúnar Birgisson sem var valinn maður leiksins.

Hann, líkt og flestir í liði Tindastóls, eru heimamenn. Aðeins Bandaríkjamennirnir tveir, Antonio Hester og Brandon Garrett, og Björgvin Hafþór Ríkharðsson eru aðkomumenn. Sá síðastnefndi er þó tengdasonur Skagafjarðar eins og Helgi segir. Þessi fjöldi heimamanna í liði Tindastóls er til vitnis um það góða starf sem er unnið í körfuboltanum á Sauðárkróki.

### Lögreglufylgd og flugeldasýning

Helgi hrósaði stuðningnum sem Tindastóll fékk á bikarhelginni. Skagfirðingar fjölmenntu í Höllina og studdu vel við bakið á sínum mönnum.

„Við unnum stórsigur í stúkunni í báðum leikjunum. Þegar við komum heim í gærkvöldi fengum við lögreglufylgd inn í bæinn, það var flugeldasýning og 1.500 manns sem biðu eftir okkur í íþróttahúsinu," sagði Helgi.

Hann segir að Stólunum séu allir vegir færir eftir að hafa brotið þennan þykka ís, að vinna fyrsta stóra titilinn. Stefnan er sett á að vinna Íslandsmeistaratitilinn.

„Fyrir tímabilið var markmiðið ekkert leyndarmál; að vinna það sem er í boði. Við erum komnir með uppskriftina. Nú er bara að fylgja þessu eftir. Það er enginn saddur, langt því frá," sagði Helgi sem segir liðsheildina hjá Tindastóli einstaka.

### Mikið bræðralag

„Maður er búinn að vera í mörgum liðum í gegnum ævina en þú finnur ekki þessa liðsheild sem við erum með hérna," sagði Helgi.

„Við erum rosalega heppnir með baklandið og það er hvergi eins öflugt og hérna. En liðið, þessi kjarni leikmanna, er svo ofboðslega mikið bræðralag. Það er svo mikið traust í hópnum. Það hafa alls konar hlutir komið upp en það koma aldrei brestir í þennan kjarna. Það er svo mikilvægt." **ingvithor@frettabladid.is**

## Bikarúrslit karla

**KR 69-96 Tindastóll**
(33-57)

**KR:** Björn Kristjánsson 22, Jón Arnór Stefánsson 15, Kristófer Acox 13/12 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 10, Orri Hilmarsson 3, Darri Hilmarsson 2, Sigurður Þorvaldsson 2, Brandon Penn 2.

**Tindastóll:** Pétur Rúnar Birgisson 22/7 fráköst/8 stoðsendingar, Sigtryggur Arnar Björnsson 20/7 fráköst, Antonio Hester 14, Björgvin Ríkharðsson 11, Hannes Ingi Másson 7, Viðar Ágústsson 6, Brandon Garrett 5, Finnbogi Bjarnason 3, Axel Kárason 3, Friðrik Þór Stefánsson 3, Helgi Rafn Viggósson 2.

## Næststærsti sigurinn í úrslitaleik



Sigur Tindastóls á KR á laugardaginn var næststærsti sigurinn í úrslitaleik í 48 ára langri sögu bikarkeppni karla í körfubolta. Þetta var jafnframt stærsti sigurinn í bikarúrslitum í 22 ár.

Stólarnir unnu KR-inga með 27 stigum (69-96), með sama mun og Haukar unnu Skagamenn í bikarúrslitum 1996 (85-58).

Langstærsti sigurinn í úrslitaleik bikarkeppninnar kom árið 1993. Þá vann Keflavík Snæfell með 39 stigum (115-76).

# Fólk

Skipulag

MÁNUDAGUR 15. JANÚAR 2018



„Nú geta viðskiptavinir okkar valið úr úrvali lita á borð við appelsínugulan, bleikan, fjólubláan, gulan, sægrænan og brúnan auk fjölda annarra lita og jafnvel nokkurra útgáfna af sama litnum," segir Brynjólfur Páll Schram. MYNDIR/EYÞÓR

# Litfagurt skipulag

Ný tækni og snjallsímar hafa svo sannarlega ekki útrýmt gömlu góðu dagbókinni. Litfögru dagbækurnar og minnisbækurnar frá Varmá bókaútgáfu njóta mikilla vinsælda enda fást þær í mörgum ólíkum litum. →2



„Dagbókin er alls ekki að deyja út þótt sumir haldi það ef til vill. Vissulega dalaði salan aðeins fyrst með tilkomu snjallsímanna en hún hefur aftur aukist undanfarin ár,“ segir Brynjólfur.

Varmá bókaútgáfa hefur um 40 ára skeið hannað og framleitt vinsælar dagbækur fyrir landsmenn. Ætla mætti að vinsældir þeirra hefðu dvínað með tilkomu nýrrar tækni á borð við snjallsímann en það er öðru nær segir Brynjólfur Páll Schram, framkvæmdastjóri og eigandi Varmár bókaútgáfu. „Dagbókin er alls ekki að deyja út þótt sumir haldi það ef til vill. Vissulega dalaði salan aðeins fyrst með tilkomu snjallsímanna en hún hefur aftur aukist undanfarin ár. Þar spila nokkrir þættir inn að mínu mati. Í fyrsta lagi varð fljótt ljóst að ný tækni kom ekki í stað gömlu dagbókarinnar. Í öðru lagi má nefna að við hófum árið 2015 að bjóða upp á nýtt og mjög fjölbreytt litaúrval sem hefur slegið í gegn.“

## Mikið litaúrval

Óhætt er að segja að nýju litirnir sem Brynjólfur minntist á hafi slegið í gegn. „Í marga áratugi voru sömu 4-5 litirnir allsráðandi hér á landi. Svartar, bláar, grænar og rauðar bækur svo dæmi séu tekin. Nú geta viðskiptavinir okkar valið úr úrvali lita á borð við appelsínugulan, bleikan, fjólubláan, gulan, sægrænan og brúnan auk fjölda annarra lita og jafnvel nokkurra útgáfna af sama litnum. Konur og yngra fólk er sérstaklega þakklátt fyrir þetta litaúrval enda eldri litirnir síður spennandi. Þeir sem nota dagbækur á annað borð eru með þær fyrir framan sig allt árið og þá skiptir ekki bara notagildið máli heldur líka að bókin sé litfögur, falleg og sómi sér vel á borði.“

## Gömlu dagaheitin

Dagbækurnar frá Varmá hafa löngum verið nefndar málsháttabækurnar vegna málsháttа sem eru neðst á hverri síðu. „Áður fyrr læddust stundum með málshættir eða spakmæli sem voru ekki viðeigandi en allt gagnasafnið var tekið í gagngerða endurskoðun á síðasta ári eftir verðskuldaða gagnrýni frá viðskiptavinum okkar.“

Eina skemmtilega nýjung má finna í tveimur gerðum dagbóka frá Varmá en þar hefur gömlu dagaheitunum verið bætt við þau heiti sem notuð eru í dag. „Eftir því sem ég best veit erum við fyrstir til að gera þetta. Þar bætum við því inn dagaheitum eins og óðinsdagur, þórsdagur og freyjudagur við þau dagaheiti sem allir þekkja. Síðast talda heitið, freyjudagur, vekur oft athygli en margir nota frekar frjádag. Ég hef þó fengið það staðfest frá prófessor við Háskóla Íslands að freyjudagur sé í raun jafngott heiti.“





Til vinstri má sjá A4 minnisbækur með punktum. Til hægri eru minnisbækur með kraftkápum í þremur litum.

## Hentugar minnisbækur

Auk dagbóka hefur Varmá bókaútgáfa einnig hannað og framleitt minnisbækur í öllum stærðum og gerðum segir Brynjólfur. „Ég var alltaf mikill minnisbókamaður þegar ég var yngri og notaðist iðulega við hinar þekktu Moleskinebækur sem eru mjög vandaðar. Þegar við tókum ákvörðun um að framleiða slíkar bækur árið 2014 vildi ég ekki vera minni maður. Því bjóðum við upp á endingarbetri bækur með sterkari kápu en Moleskinebækurnar. Eins og dagbækurnar þá bjóðast minnisbækur okkar í mörgum litum og um leið í ólíkum stærðum og útfærslum.“



Minnisbækur í stærðunum A4, A5 og A6.




Dagur á síðu eða vika á opnu.

Nánari upplýsingar má finna á www.varmabok.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir**, elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir**, heida@365.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson**, oddurfreyr@365.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir**, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson**, starri@365.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@365.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann**, atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson**, olafurh@365.Is, s. 512 5433 | **Ruth Bergsdóttir**, ruth@365.is, s. 512 5095,

# Fasteignir.is

vísir.is FRÉTTABLAÐIÐ

3. TBL. MÁNUDAGUR 15. JANÚAR 2018





**Sigurður Samúelsson** Lögg. fast. og eigandi sigurdur@landmark.is sími 896 2312

**Þórarinn Thorarensen** Sölustjóri og eigandi th@landmark.is sími 770 0309

[illegible]

**Andri Sigurðsson** Lögg. fast. og eigandi andri@landmark.is sími 690 3111

**Sveinn Eyland** Lögg. fast og eigandi sveinn@landmark.is sími 690 0820

**Kristján Ólafsson** Löggiltur fast. kol@landmark.is sími 512 4900

**Nadia Katrín Banine** Löggiltur fast. nadia@landmark.is sími 692 5002

**Benedikt Ólafsson** Í námi til lögg. /eigandi bo@landmark.is sími 661 7788

**Ingibjörg A. Jónsdóttir** Löggiltur fast. inga@landmark.is sími 897 6717

**Eggert Maríuson** Í námi til löggildingar eggert@landmark.is sími 690 1472

**Jóhanna Gustavsdóttir** Í námi til löggildingar johanna@landmark.is sími 698 9470

**Helga Snorradóttir** Skrifstofa/skjalavinnsla landmark@landmark.is sími 512 4900

**Guðrún D. Lúðvíksdóttir** Skrifstofa/ í námi til lögg. gudrun@landmark.is sími 512 4900

**Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir** Löggiltur fast. asdis@landmark.is sími 895 7784

LANDMARK / SMÁRINN | Hlíðasmára 2 | 201 Kópavogur | Sími 512 4900 | www.landmark.is

LANDMARK SMÁRINN

Sameinumst og eflum liðsheild með aukinni reynslu og þekkingu



BERG FASTEIGNASALA



**Háholt 14, Mosfellsbær**
- Sími: 588 5530
- berg@berg.is - www.berg.is
- GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
*petur@berg.is*


# Einbýli á stórri lóð í Garðabæ

Fold fasteignasala, sími 552-1400, kynnir: Fallegt einbýlishús á stórri lóð á rólegum stað í Ásahverfi Garðabæjar. Um er að ræða einbýli á tveimur hæðum sem skiptist í forstofu, hol, eldhús, tvær stofur, fjögur til fimm svefnherbergi, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús og bílskúr.

Nánari lýsing á 1. hæð: Komið er inn í forstofu með flísum á gólfi og fatahengi. Hol með eikarparketi. Eldhús með ágætri innréttingu og borðkrók. Stofa og borðstofa með parketi, frá stofu er gengið út á verönd og út í garð í góðri rækt. Tvö svefnherbergi með parketi á gólfi. Gestasnyrting. Þvottahús með sturtuklefa.

Önnur hæð: Á efri hæð eru tvö svefnherbergi, gengið er frá öðru þeirra í vinnuherbergi og þaðan í hjónaherbergi. Baðherbergi er flísalagt með baðkari, upphengdu salerni og vask í innréttingu. Á efri hæð eru suðursvalir.

Bílskúr er með vatni, hita og rafmagni. Lóðin er stór. Innkeyrsla er hellulögð og garðurinn er í rækt, gróðurhús og litið barnahús á lóðinni fylgja.



**Fjölskylduhús í Garðabæ. Opið hús verður í dag.**

Frárennslislagnir eru gamlar og þarfnast endurnýjunar. Frábær eign á góðum stað í Garðabænum

Nánari upplýsingar fást hjá Fold fasteignasölu, Sóltúni 20, 105 Reykjavík, sími 552 1400 / utan skrifstofutíma: Viðar 694-1401, Einar 893-9132 og Gústaf 895-7205. Nánar má sjá á www.fold.is og á Facebook.

Opið hús verður í Breiðási 5 í dag frá klukkan 17-17.30.


MIÐBORG fasteignasala

**Elín Viðarsdóttir**
Löggiltur fasteignasali
+354 695 8905
elin@midborg.is



## Einigrund 4, Akranesi – 27,9 m






Opið hús þriðjudaginn 16. jan. kl. 17:30 – 18:00

- *Eignin er skráð skv. Þí 93,2 fm en óskráð er herbergi/geymsla í kjallara ca 20 fm*
- *Samtals því ca. 113,2 fm*
- *Einstaklega björt*
- *Gluggar á 3 vegu*
- *Eignin er í dag með 4 svefnherbergi (3 innan íbúðar og 1 í kjallara)*
- *Nýlega endurnýjað eldhús*
- *Endaíbúð*
- *Snyrtileg sameign*

Miðborg fasteignasala • Sundagarðar 2 • 104 Reykjavík • Sími: 533 4800
www.midborg.is



**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

### Þórðarsveigur 24 - 113 Reykjavík






**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

Björt og falleg 85,7 m2, 3ja herbergja endaíbúð á 4. hæð í lyftuhúsi, ásamt bílastæði í lokaðri bílageymslu. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla í kjallara. Svalir í suðvesturátt. Stutt í skóla, leikskóla og verslanir. **V. 39,9 m.**

### Reykjabyggð 36 - 270 Mosfellsbær



Fallegt 173,2 m2 einbýlishús á einni hæð með bílskúr. Fjögur svefnherbergi. Tvö baðherbergi. Falleg eign á vinsælum stað í Mosfellsbænum. Stórt hellulagt bílaplan og timburverandir með heitum potti. **V. 76,0 m.**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

### Spóahöfði 8 - 270 Mosfellsbær



Fallegt 4ra herbergja, 184 m2 endaraðhús með rislofti og innbyggðum bílskúr. Tvær timburverandir og hellulagt bílaplan. Þetta er falleg eign í góðu hverfi á vinsælum stað í Mosfellsbæ, stutt er í grunnskóla, leikskóla og sundlaug, auk þess er golfvöllur og fallegar gönguleiðir í næsta nágrenni. **V. 75,9 m.**

**Hringdu og bókaðu skoðun**

### Bjartahlíð 9 - 270 Mosfellsbær




Rúmgóð og björt 106,3 m2, 3ja herbergja íbúð með mjög fallegu útsýni á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi. Mjög fallegt útsýni er frá íbúðinni. Góð staðsetning. Stutt í skóla, leikskóla, líkamsrækt og sundlaug. **V. 43,9 m.**

### Leirutangi 13B - 270 Mos.




92,5 m2 íbúð á neðri hæð í fjórbýlishúsi með sér inngangi, timburverönd og sérgarði. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi og rými sem er gluggalaust, en það skiptist í tvö herbergi, þvottahús og geymslur. **V. 39,8 m.**

### Kvíslartunga 90, 108, 110 og 112




230 m2 raðhús - tilbúin til innréttinga - á tveimur hæðum. Á jarðhæð er forstofa, bílskúr, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi, og geymsla. Á efri hæðinni er hjónaherbergi, baðherbergi, eldhús, og stofur. **V. 62,5 og 64,9 m.**

### Litlikriki 76 - 270 Mosfellsbær







Falleg og rúmgóð 145,8 m2, 5 herbergja endaíbúð á efstu hæð í 4ra hæða lyftuhúsi með rúmgóðu stæði í bílageymslu. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni. Gott skipulag. 4 góð herbergi. 2 baðherbergi. Fallegar innréttingar og gólfefni. Suðursvalir. **V. 65,5 m.**

### Laxatunga 139 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús þri. 16 janúar frá kl. 17:00 til 17:30**

Mjög fallegt og vel skipulagt 239,5 m2 einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr neðarlega í botnlanga. Fallegt útsýni er frá húsinu. Eignin skiptist í fjögurherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, forstofu, sjónvarpshol, eldhús, borðstofu, stofu, og bílskúr. Eignin er skráð 239,5 m2, þar af einbýli 192,9 m2 og bílskúr **46,6 m2. V. 86,5 m.**

### Vogatunga 82 - 270 Mosfellsbær




160,2 m2 raðhús á einni hæð með bílskúr innst í botlanga. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, geymslu, eldhús, stofu og bílskúr með stóru geymslulofti. Skemmtilegt skipulag. Mikil lofthæð. Gólfhiti. **V. 66,9 m.**

### Vefarastræti 11, íbúð 02-10 - 270 Mosfellsbær




Ný 85,2 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi með bílastæði í bílageymslu við Vefarastræti 11 í Mosfellsbæ. Íbúðin skilast fullbúin með HTH innréttingum, án gólfefna, en gólf baðherbergis/þvottaherbergis eru flísalögð. **V. 39,9 m.**

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

# 535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali


**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON**
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari


**ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR**
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149


**JÓHANNA ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
GSM 662 1166


**MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966


**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON**
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663-2508


**EINAR S. VALDIMARSSON**
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 840-0314


**KAREN ÓSK SAMPSTED**
Sölufulltrúi / nemi til lögg. fasteignasala
GSM 869 9967


**ÞÓRUNN LILJA VILBERGSDÓTTIR**
lögfræðingur / nemi til lögg. fasteignasala
Sími 535 1002


**KRISTÍN SKJALDARDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
Sími: 535 1003
Gsm: 824 4031

## SMÁRAGATA 5, 101 REYKJAVÍK — 49.8M




**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

OPIÐ HÚS mánudaginn 15. jan. kl. 18:00-18:30. Glæsileg 3ja herbergja, 70,7 fm. íbúð í Þingholtunum. Stutt í verslun og þjónustu. Eignin er laus við kaupsamning.

## VESTURBERG 83, 111 REYKJAVÍK — 64.9M




**KRISTÍN SKJALDARDÓTTIR / 824 4031**

OPIÐ HÚS mánudaginn 15. jan. kl. 17:30-18:00. Fallegt, vel skipulagt og þó nokkuð mikið endurnýjað raðhús auk bílskúrs. Glæsilegt endurnýjað eldhús, rúmgóð stofa með arni og fallegu útsýni. 4 - 5 svefnherbergi.

## MIKLABRAUT 50, 105 REYKJAVÍK — 42.9M




**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

OPIÐ HÚS mánudaginn 15. jan. kl. 17:00-17:30. Glæsileg 112,1 fm, 3 herbergja íbúð í kjallara með sérinngangi. Eignin er öll nýuppgerð. Stutt í alla þjónustu, með sérgeymslu og sameiginlegu þvottahúsi.

## SKÚLAGATA 20, 101 REYKJAVÍK — 39.8M




**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 16. jan. kl. 12:00-12:30. Snyrtileg 63,4 fm, 2 herb. íbúð á 10.hæð fyrir 60 ára og eldri. Góð aðkoma er að húsinu Lindargötumegin og eru bílastæði þar fyrir íbúa.

## FLÉTTURIMI 1, 112 REYKJAVÍK — 40.9M




**KRISTÍN SKJALDARDÓTTIR / 824 4031**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 16. jan. kl. 17:30-18:00. Falleg og rúmgóð þriggja herbergja íbúð á jarðhæð, ásamt stæði í bílageymslu. Rúmgóð og björt stofa, tvö rúmgóð svefnherbergi. Þvottahús innan íbúðar.

## LYNGBREKKA 5, 200 KÓP. — 62.9M




**JÓHANNA Í. SIGURÐARDÓTTIR / 662 1166**

OPIÐ HÚS mánudaginn 15. jan. kl. 17:30-18:00. Mikið endurnýjuð, efri sérhæð með miklu útsýni yfir borgina. 3-4ra herbergja 141,7 fm. Eldhús með nýrri sérsmíðaðri innréttingu, borðplata úr náttúrusteini.

## KAMBAVAÐ 1-3, 110 REYKJAVÍK — 59.9M




**JÓHANNA Í. SIGURÐARDÓTTIR / 662 1166**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 16. jan. kl. 12:00-13:00. Virkilega falleg 3-4ra herbergja íbúð á 2.hæð. Íbúðin sem er rúmgóð, björt og falleg, skiptist í stofu, eldhús, hjónherbergi ,barnaherbergi, baðherbergi og þvottahús.

## ORRAHÓLAR 7, 111 REYKJAVÍK — 29.9M




**JÓHANNA Í. SIGURÐARDÓTTIR / 662 1166**

OPIÐ HÚS miðvikudaginn 17. jan. kl. 12:00-12:30. Falleg, mikið endurnýjuð 61.6 fm 2ja herbergja íbúð á 8.hæð (efstu hæð) með stórum svölum sem vísa til austurs. Útsýni yfir Vatnsenda og til Bláfjalla og Esju.

## LANGHOLTSVEGUR 35, 104 RVK — 37.9M



**STEFÁN H. STEFÁNSSON / 895 2049**

LAUS STRAX - Vorum að fá í einkasölu fallega, bjarta og töluvert endurnýjaða 4ra herbergja rishæð í tvíbýli. Sérinngangur. Íbúðin er skráð 70.7 fm en gólfflötur töluvert stærri. 3 svefnherbergi.

## NORÐLINGABRAUT — TIL LEIGU



**STEFÁN H. STEFÁNSSON / 895 2049**

Erum með til leigu tvö mjög góð atvinnurými, til afhendingar strax. Hentar vel undir ýmiskonar atvinnustarfsemi, heildverslun, lager, þjónustu, smáverkstæði, starfsstöð iðnaðarmanns, dótakassa og þess háttar.

## BÆJARFLÖT 4 - HEIL HÚSEIGN



**STEFÁN H. STEFÁNSSON / 895 2049**

Vorum að fá í einkasölu þetta vandaða atvinnuhús. Um ræðir heila húseign á góðum stað við Bæjarflöt í Grafarvogi, sem er skráð 1200 fm auk ca.200 fm millilofts, samtals 1.400 fm.

GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá
# - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Framúrskarandi fyrirtæki 2014–2016


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is


Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Bakkahjalli 13 – Kópavogi. Vandað og vel staðsett parhús við opið svæði.




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög fallegt og nýlega innréttað 249,8 fm. parhús á tveimur hæðum á rólegum stað innst í götu við opið svæði við Bakkahjalla. Eignin var öll innréttuð árið 2007 úr vönduðum byggingarefnum í ljósum litum. Þá voru bæði m.a. baðherbergi endurnýjuð, eldhús, gólfefni, innihurðir, lýsing í loftum og veggjum, stigahandrið o.fl. Samliggjandi stórar stofur. Sjónvarpsstofa. Þrjú herbergi, möguleiki er að gera herbergi í hluta sjónvarpsstofu. Útgengi á svalir til suðurs og vesturs úr stofum og eldhúsi. Hellullögð innkeyrsla og stéttar fyrir framan hús með hitalögnum undir og stór og skjólsæl viðarverönd til suðurs fyrir neðan hús auk tyrfðrar flatar.

**Verð 99,5 millj.**

### Jakasel 36. Vel staðsett einbýlishús.




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Virkilega fallegt 227,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum, að meðtöldum 43,2 fm. sérstæðum bílskúr í lokuðum botnlanga.

Í dag eru fjögur rúmgóð svefnherbergi en auðvelt væri að bæta við fimmta svefnherberginu. Tvennar svalir til suðvesturs og norðausturs. Falleg gluggasetning. Hellulögð stæði norðvestan megin við húsið fyrir framan bílskúr og hellulögð/timbur verönd suðvestan megin við húsið.

Húsið hefur fengið gott viðhald í gegnum árin og ber þess vel merki.

**Verð 77,9 millj.**

### Grandavegur 47. 3ja herbergja útsýnisíbúð á 8. hæð ásamt bílskúr.



Virkilega falleg og vel skipulögð 114,8 fm. íbúð með glæsilegu útsýni á 8. hæð auk sér geymslu í kjallara og bílskúrs í þessu eftirsótta húsi fyrir eldri borgara við Grandaveg 47. Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á sl árum, m.a. var lagt nýtt massívt eikarparket á íbúðina, baðherbergi endurnýjað með bæði baðkari og sturtu auk þess sem þvottaherbergi var endurnýjað. Yfirbyggðar flísalagðar svalir. Á efstu hæð hússins er sameiginlegur matsalur þar sem boðið er uppá heitan mat í hádeginu alla daga. Húsvörður er í húsinu. Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega.

**Verð 64,9 millj.**

### Vatnsstígur 21. Glæsileg, vel innréttuð íbúð með yfirbyggðum suðursvölum.



Glæsileg 151,6 fm. útsýnisíbúð með yfirbyggðum suðursvölum á 1. hæð (2. hæð frá Skúlagötu) í þessu glæsilega fjölbýlishúsi á sjávarkambinum auk tveggja sér geymslna í kjallara og sér bílastæðis í bílageymslu.

Íbúðin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Stór og björt stofa með gólfsíðum gluggum. Sjónvarpshol með útgengi á svalir. Opið eldhús með stórri eldhúseyju. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Fallegt útsýni til norðurs út á sundin, að Esjunni og víðar.

**Verð 79,9 millj.**

### Laugavegur 136. 2ja – 3ja herbergja íbúð.




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulögð 2ja-3ja herbergja 69,4 fm. íbúð á 2. hæð með sameiginlegum inngangi í góðu fjórbýlishúsi við Laugaveg. Svalir til suðurs með útgengi úr svefnherbergi. Stofan var stækkuð á kostnað annars svefnherbergis og auðvelt væri að breyta því til fyrra horfs. Hellulögð stétt að húsi, tyrfð lóð og trjágróður. **Aðkoma að aðalinngangi er frá Stakkholti. Einnig er aðkoma frá læstu porti frá Laugavegi. Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla verslun og þjónustu. Hlemmur mathöll í næsta nágrenni, stutt í samgöngur og Sundhöllin í Reykjavík í göngufæri. Leikskólar og grunnskóli í næsta nágrenni.**

**Verð 35,8 millj.**

### Flókagata 25. 2ja herbergja íbúð með sérinngangi.




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 18.00 – 18.30

Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 84,5 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi í góðu steinhúsi á þessum vinsæla og eftirsótta stað á Flókagötunni á móti Kjarvalsstöðum og Klambratúni.

Rúmgóð og björt stofa með útbyggðum glugga. Rúmgott svefnherbergi og er möguleiki að stúka lítið aukaherbergi af. Opið eldhús við stofu með nýlegum innréttingum.

Gróin falleg lóð með miklum trjágróðri.

**Verð 41,9 millj.**

### Grenimelur 13. Góð 3ja herbergja íbúð með sérinngangi.




Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 90,0 fm. kjallaraíbúð með sérinngang á þessum eftirsótta stað við Grenimel í Vesturbænum.

Íbúðin skiptist í forstofu, hol, tvö herbergi, stofu, eldhús með ljósri innréttingu og baðherbergi. Búið er að endurnýja m.a. eldhús að hluta, baðherbergi, gólfefni að hluta, raflagnir og töflu.

Að utan er nýlega búið að steina allt húsið uppá nýtt og flota tröppur. Geymsla innan íbúðar.

**Verð 42,5 millj.**

### Fellsmúli 5. 3ja herbergja íbúð.




Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Góð 73,8 fm. íbúð við Fellsmúla í góðu fjölbýlishúsi miðsvæðis í Reykjavík.

Rúmgóð og björt stofa með gluggum til suðurs og vesturs. Tvö góð herbergi. Geymsla innan íbúðar. Snyrtileg sameign og frágengin lóð. Næg bílastæði á lóð.

**Falleg og vel skipulagða íbúð miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu þar sem stutt er í alla verslun og þjónustu.**

**Verð 34,9 millj.**

### Þrastanes – Garðabæ. Reisulegt einbýlishús á Arnarnesi.



Reisulegt 300,5 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á fallegri ræktaðri eignarlóð á Arnarnesi í Garðabæ með víðáttumiklu útsýni til norðurs og vesturs og allt til Snæfellsjökuls.

Eignin er staðsett í rólegri götu í lokuðum botnlanga. Í húsinu eru í dag 4 svefnherbergi á efri hæð og möguleiki að útbúa tvö herbergi á neðri hæð. Rúmgóðar stofur. Lóðin er 1.197 fm eignarlóð, vaxin trjám, runnum og garsflötum. Hellulagðar stétt og innkeyrsla að bílskúr með hitalögnum.

Á lóðinni er ca.10 fm. garðhús og er innréttað sem setustofa. Fallegt útsýni er úr garðhúsinu.

### Blómvellir – Hafnarfirði. Glæsilegt einbýlishús.



Glæsilegt arkitektateiknað 201,1 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innb. 26,6 fm. bílskúr.

- Allar innréttingar eru hvítar sprautulakkaðar og úr rauðeik.
- Gólfefni eru Mustang flísar og massívt parket úr rauðeik.
- Allar innihurðir extra háar.
- Mikið er lagt í lýsingu og rafkerfi hússins.
- Gólfsíðir gluggar í stofum, eldhúsi og að hluta til á efri hæð hússins. Aukin lofthæð er á báðum hæðum hússins.

**Húsið er teiknað að innan og utan af Gunnari Páli Kristinssyni arkitekt hjá RÝMA arkitektum.**

**Verð 72,9 millj.**

Húsaskjól fasteignasala

Hlíðasmári 2 I 201 kópavogur
Sími: 519-2600
husaskjol@husaskjol.is
husaskjol.is




**FRÍTT VERÐMAT, ENGIN SKULDBINDING & VANDAÐ SÖLUFERLI SEM SKILAR ÁRANGRI**




Fellsmúli 2 — 108 Reykjavík
Fjölbýli | 93,9fm | 1 | 2
Verð: 35.000.000 — Frábær staðsetning!
Sigurður fasteignasali — S:899-1987




Dvergaborgir 5 — 112 Reykjavík
Fjölbýli | 106,7fm | 2 | 3
Verð: 43.900.000 — Íbúð á tveimur hæðum
Ásdís Ósk fasteignasali — S:863-0402




Leifsgata 18 — 101 Reykjavík
Fjölbýli | 65,1fm | 1 | 1
Verð: 32.500.000 — Frábær fjárfesting!
Auðun fasteignasali — S:894-1976




Álftahólar 2 — 111 Reykjavík
Fjölbýli | 143,3fm | 1 | 3
Verð: 42.900.000 — 25,4 fm bílskúr fyrlgir!
Ásdís Ósk fasteignasali — S:863-0402




Þórufell 2 — 111 Reykjavík
Fjölbýli | 58 fm | 1 | 2
Verð: 25.900.000 — Frábær fyrstu kaup!
Sigurður fasteignasali — S:899-1987




Framnesvegur 17 — 101 Reykjavík
Íbúð | 91,3fm | 1 | 3
Verð: 44.500.000 — STÓR GARÐUR!
Ásdís Ósk fasteignasali — S:863-0402




Stakkholt 2b — 105 Reykjavík
Fjölbýli | 149,9fm | 1 | 3
Verð: 85.000.000 — Frábært útsýni!
Ásdís Ósk fasteignasali — S:863-0402




Hrísrimi 7 — 111 Reykjavík
Fjölbýli | 95,9fm | 1 | 3
Verð: 41.700.000 — Stæði fylgir í bílageymslu
Ásdís Ósk fasteignasali — S:863-0402




Digranesvegur 16 — 200 Kópavogur
Neðri sérhæð | 141,8fm | 1 | 3
Verð: 53.500.000 — Frábært útsýni!
Auðun fasteignasali — S:894-1976




Kvíholt 2 — 220 Hafnarfjörður
Efri sérhæð | 175,2fm | 1 | 3
Verð: 56.900.000 — Bílskúr fylgir eign!
Magni fasteignasali — S:865-6937



Helgaland 4 — 270 Mosfellsbær
Einbýli | 211,5fm | 2 | 4
Verð: 75.000.000 — AUKA ÍBÚÐ!
Sigurður fasteignasali — S:899-1987



Lækjarberg 21 — 221 Hafnarfjörður
Einbýli | 316,1fm | 3 | 6
Verð: 110.000.000 — ÞRIGGJA ÍBÚÐA HÚS!
Auðun fasteignasali — S:894-1976

# LEIKUR ÁRSINS 2018!

## Húsaskjól kynnir með stolti algjöra nýjung á íslenskum markaði!

**HúsaBot er nýja starfræna aðstoðarkonan okkar á messenger á Facebook sem aðstoðar þig & deilir með þér upplýsingum um íslenska fasteignamarkaðinn & leiki á okkar vegum! Farðu inn á okkar Facebook & taktu þátt í Bóndadagsleiknum!**

## Viltu vinna Bóndapakka allt að verðmæti 200.000kr.-?

Samstarfsaðilar okkar eru Hótel Rangá, Bryggjan Brugghús, Levi´s Íslands, Marta Jonsson, Krisma snyrtistofa, Hendrikka Waage, Garðheimar, sokkaskúffan & HR Konfekt.

HOTEL RANGÁ Luxury Resort & Dining
Sokkaskúffan fyrir þá sem þora
BRYGGJAN BRUGGHÚS bistro & brewery REYKJAVÍK
GARÐHEIMAR Fjölskyldufyrirtæki í 22 ár!
LIVE IN LEVI'S
KRISMA snyrtistofa
Hendrikka Waage
MARTA JONSSON
HANDMADE ICELANDIC CHOCOLATE HR








# HOLTSVEGUR 9-13

## OPIÐ HÚS ALLA MÁNUDAGA FRÁ 16-17



### ÞÖKKUM FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR!

ÞG Verk kynnir nýjar og glæsilegar fasteignir til sölu í hinu einstaka Urriðaholti, Garðabæ. Við hönnun húsanna var leitast við að skapa metnaðarfullar og glæsilegar byggingar sem njóta sín í fallegu og náttúrulegu umhverfi.

**Álklædd viðhaldslétt hús**
**Fullbúnar með gólfefnum á öllum rýmum**
**Innbyggður ísskápur og uppþvottavél**
**Stæði í bílgeymslu með flestum íbúðum**
**Vandar innréttingar frá Nobila Þýskalandi**

2016
Framúrskarandi fyrirtæki

ÍTARLEGAR UPPLÝSINGAR Á FASTEIGNAVEF OKKAR

www.tgverk.is/fasteignavefur

ÞG Verk Þekkingarfyrirtæki í byggingariðnaði Lágmúla 7 S: 534 8400 www.tgverk.is

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957

# EIGNAMIÐLUN

## FASTEIGNABLAÐ




GRENSÁSVEGUR 11
588 9090


eignamidlun.is
Eignamidlun.is
eignamidlun@eignamidlun.is
Grensásvegur 11, 108 Reykjavík
588 9090



**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali


**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9093


**Guðmundur Sigurjónsson**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali


**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 864 5464


**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri
Sími 899 1882


**Magnea S. Sverrisdóttir**
MBA, löggiltur fasteignasali
Sími 861 8511


**Hilmar Þór Hafsteinsson**
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari
Sími 824 9098


**Brynjar Þ. Sumarliðason**
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali
Sími 896 1168

**G. Andri Guðlaugsson**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali
Sími 662 2705


**Gunnar Jóhann Gunnarsson**
Hdl., löggiltur fasteignasali
Sími 695 2525


**Daði Hafþórsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
Sími 824 9096


**Hreiðar Levy Guðmundsson**
Nemi til löggildingar fasteignasala
Sími 661 6021


**Jenný Sandra Gunnarsdóttir**
Skrifstofustjóri


**Elín Þorleifsdóttir**
Ritari


**Ásdís H. Júlíusdóttir**
Ritari


**María Waltersdóttir**
Móttökuritari


## SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

### KLUKKUBERG 9
### 221 HAFNARFJÖRÐUR

**437,6 M²**
**125.000.000 KR.**







Glæsilegt 437,6 fm einbýlishús með bílskúr við Klukkuberg 9 í Setbergslandi í Hafnarfirði. Húsið var teiknað af Hróbjarti Hróbjartssyni arkitekt fyrir Eirík Smith listmálara og Bryndísi Sigurðardóttur. Í húsinu er m.a. glæsileg 120 fm vinnustofa með mikilli lofthæð og þakgluggum. Mikil lofthæð er í húsinu. Eignin bíður upp á mikla möguleika og er að mestu á einni hæð en á neðri hæð var gert ráð fyrir um 56 fm aukaíbúð með sér inngangi sem hefur ekki verið innréttuð. Bílskúrinn er tvöfaldur, skráður 60 fm. Glæsilegt útsýni er úr húsinu er það stendur mjög ofarlega í Setberglandi.

NÁNARI UPPLÝSINGAR
**Magnea S. Sverrisdóttir**
MBA, löggiltur fasteignasali
Sími 861 8511 - magnea@eignamidlun.is

### BÚLAND 17
### 108 REYKJAVÍK

**212,3 M²**
**92.500.000 KR.**



**OPIÐ HÚS**
Mánudaginn 15. jan.
milli kl. 17.15 og 17.45





Fallegt og mikið endurnýjað 212,3 fm raðhús við Búland í Fossvogi. Húsið hefur verið mikið endurnýjað að utan og innan m.a. eldhús og baðherbergi. Arinn í stofu og mikil lofthæð. Húsið skiptist m.a. í stóra stofu, eldhús/borðstofu, 3-4 herbergi, fataherbergi, sjónvarpshol og tvö baðherbergi. Úr holi á neðri hæð er gengið beint út í garð um tvöfalda hurð. Aflokaður garður með verönd úr lerki. Eftirsótt staðsetning.

NÁNARI UPPLÝSINGAR
**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9093 - kjartan@eignamidlun.is

## BRÆÐRABORGARSTÍGUR 9 101 REYKJAVÍK
70,6 M²
VERÐ 38,9 MILLJ.





Rúmgóð og vel skipulögð, 70,6 m² 2ja herb. íbúð með aukinni lofthæð á vinsælum stað við Bræðraborgarstíg í 101 Reykjavík. Rúmgóð stofa. Endurnýjað baðherbergi. Björt íbúð.

**Opið hús mánudaginn 15. jan. milli 17:00 og 17:30**

NÁNARI UPPLÝSINGAR
G. Andri Guðlaugsson
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali
andri@eignamidlun.is Sími 662 2705

## LJÓSVALLAGATA 8 101 REYKJAVÍK
71,2 M²
VERÐ: 41,9 MILLJ.




3ja herb. 71,2 m² 3ja herb. íbúð á 2. hæð í einstaklega vel staðsettu litlu fjölbýli með flottu útsýni til suðurs m.a. yfir Hólavallakirkjugarð. Rúmgóð stofa og herbergi, mjög góð lofthæð. Miðbærinn, háskóli og hin rómaða vesturbæjarlaug í göngufæri. Aflokaður flottur bakgarður.

NÁNARI UPPLÝSINGAR
Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri
Sími 899 1882 - thorarinn@eignamidlun.is

## ÁRSALIR 3 201 KÓPAVOGUR
123,2 M²
VERÐ: 53,9 MILLJ.





123.2 m² glæsileg 4 herb. íbúð á 5.hæð í vönduðu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Glæsilegt útsýni. Yfirbyggðar svalir. Tvö svefnherbergi (þrjú skv. teikningu). Sér þvottahús. Laus fljótlega.

**Opið hús mánudaginn 15. jan. milli 17:15 og 17:45.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR
Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri
Sími 899 1882 - thorarinn@eignamidlun.is

## MARTEINSLAUG 12 113 REYKJAVÍK
72,3 M²
34,9 MILLJ.





Góð tveggja herbergja íbúð í nýlegu viðhaldslitlu húsi. Íbúðin er á þriðju hæð og lyfta er í húsinu. Rúmgóðar suðursvalir eru útaf stofu. Þvottaherbergi innan íbúðar.

**Opið hús mánudaginn 15. jan. milli 17:15 og 17:45.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR
Gunnar Jóhann Gunnarsson
Hdl., löggiltur fasteignasali
Sími 695 2525 - gunnarj@eignamidlun.is

## BORGARGERÐI 6 108 REYKJAVÍK
119,5 M²
VERÐ 51,9 MILLJ.




Falleg og mikið uppgerð 119,5 m² 5 herb. íbúð í 3-býli, þar af 24,2 fm bílskúr. Stór þakhæð er yfir íbúðinni sem er að miklu leiti undir súð og gólfflöturinn því mun stærri en skráðir fermetrar. Tvö stór herbergi eru á þakhæðinni. Íbúðin er í grónu og rólegu hverfi miðsvæðis.

NÁNARI UPPLÝSINGAR
Hreiðar L. Guðmundsson s. 661 6021
Nemi til löggildingar fasteignasala
Kjartan Hallgeirsson, löggiltur fasteignasali

## ÁLFABORGIR 9 112 REYKJAVÍK
67,0 M²
32,9 MILLJ.





67 m² góð 2ja herbergja íbúð með fallegu útsýni við Álfaborgir í Grafarvogi. Mjög góð eign með miklu útsýni þar sem skóli, leikskóli og verslunarkjarni eru í næsta nágreni.

**Opið hús mánudaginn 15. jan. milli 17:00 og 17:30.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR
Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari
Sími 824 9098 - hilmar@eignamidlun.is

## FLATAHRAUN 1 220 HAFNARFJÖRÐUR
70 M²
30,7 MILLJ.





Falleg 70.2 m² 2ja herbergja íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi. Stofa og eldhús í opnu rými. Þvottahús innan íbúðar Geymsla í kjallara. Stæði í bílageymslu fylgir.

**Opið hús þriðjudaginn 17. jan. milli 17:15 og 17:45.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR
Gunnar Jóhann Gunnarsson
Hdl., löggiltur fasteignasali
Sími 695 2525 - gunnarj@eignamidlun.is

## BREKKUGATA 15 NÝTT PARHÚS Í GARÐABÆ
213 M²
78 MILLJ.




Fallegt 213 m² 7 herbergja parhús í byggingu á tveimur hæðum með bílskúr á stórkostlegum útsýnisstað ofarlega í Urriðaholti Garðabæjar. Gengið er inn á efri hæð þar sem eru stofur og eldhús. Húsin afhendast nánast tilbúin til lokainnréttinga samkvæmt skilalýsingu. Húsin verða fullbúin að utan og lóð gróffjöfnuð. Fyrstu húsin afhendast í janúar 2018.

NÁNARI UPPLÝSINGAR
Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari
Sími 824 9098 - hilmar@eignamidlun.is

## ORRAHÓLAR 7 111 REYKJAVÍK
94 M²
39,5 MILLJ.




Góð 94 m² 3ja herbergja íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi við Orrahól. Stofa og tvö herbergi. Svalir útaf stofu með svalarlokun. Glæislegt útsýni er úr íbúðini. Bílastæði fylgir í lokaðir bílgeymslu. Húsvörður er í húsinu.

**Opið hús miðvikudaginn 17. jan. milli 17:00 og 17:30.**

**Nánari upplýsingar:**
**Andri Guðlaugsson lg.fs. s. 662 2705.**

## BAUGAKÓR 19-23 203 KÓPAVOGUR
132,3 M²
54,4 MILLJ.




4ra herb. 132,3 m² endaíbúð á 3. hæð (efstu) í mjög góðu lyftuhúsi. Stæði í bílageymslu. Sér inng. af svalagangi. Glæsilegt útsýni. Þrjú herb. og sjónvarpshol og rúmgóð stofa. Innréttingar úr eik.

**Opið hús miðvikudaginn 17. jan. milli 17:15 og 17:45.**

**Nánari upplýsingar:**
**Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882.**

## HRAUNTEIGUR 26 105 REYKJAVÍK
29,2 M²
18,5 M.



29,2 m² ósamþykkt stúdíóíbúð í kjallara merkt 00-02. Snotur íbúð sem er mjög vel staðsett miðsvæðis í Reykjavík í nánd við Laugardalssundlaug og World Class ásamt annarri fjölbreyttri þjónustu í grendinni.

**Nánari upplýsingar:**
**Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. thorarinn@eignamidlun.is**

## HOLTSVEGUR 37 210 GARÐABÆR
100 M²




Glæsileg ný 100 fm 3ja herb. penthouse íbúð á fimmtu hæð í Urriðaholti Garðabæ. Bílastæði í lokaðri bílgeymslu fylgir. 48 fm verönd og fallegt útsýni. Leigutaki greiðir hússjóð og rafmagn sér. Leiga: 295 þús. á mánuði.

**Nánari upplýsingar:**
**Hilmar Þór Hafsteinsson lg. leigumiðlari hilmar@eignamidlun.is**

EIGNAMIÐLUN

## GARÐSSTAÐIR 44 – 112 REYKJAVÍK
**148 M² – 77,7 MILLJ.**



**OPIÐ HÚS**
Þriðjudaginn 16. jan.
milli kl. 16:45 og 17:30.




Fallegt og vel skipulagt 148 m² 5 herb. einbýlishús á einni hæð með stórum garði við Garðsstaði, 112 Reykjavík. Góður bílskúr, sem í dag er að hluta til nýttur sem herbergi. Stór hellulögð innkeyrsla. Vinsæl staðsetning þar sem stutt er í hjóla- og gönguleiðir, golf og aðra útivist. Egilshöll er í göngufæri með íþróttaraðstöðu og fjölbreytta afþreyingu.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**G. Andri Guðlaugsson**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali
andri@eignamidlun.is Sími 662 2705

## BOÐAGRANDI 2A – 107 REYKJAVÍK
**182,5 M² – 89,9 MILLJ.**



**OPIÐ HÚS**
Miðvikudaginn 17. jan.
milli kl. 17:00 og 17:30.




Vorum að fá í sölu 182,5 m² íbúð á 5. hæð (efstu hæð) í lyftuhúsi við Boðagranda 2A. Glæsilegt útsýni. Þrennar svalir. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, borðstofu, þrjú herbergi, fataherbergi og tvö baðherbergi. Eignin er tvær íbúðir samkvæmt teikningu en búið að sameina í eina íbúð. Tvö stæði í bílageymslu fylgja íbúðinni.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**Daði Hafþórsson** Aðstoðarmaður fasteignasala
Sími 824 9096 dadi@eignamidlun.is
**Kjartan Hallgeirsson** Löggiltur fasteignasali

## DRÁPUHLÍÐ 1 – 105 REYKJAVÍK
**229 M² – 81,9 MILLJ.**





Mikið endurnýjuð samtals 229 m² efri sérhæð og ris ásamt bílskúr og undir bílskúr er innréttuð "stúdíóíbúð". Húsið er frábærlega staðsett. Aðalhæðin er með rúmgóðu stofurými. Endurnýjað eldhús, baðherbergi, gólfefni. gler, ofnar og fl. Þrjú svefnherb og snyrting í risi. Rúmgóður bílskúr.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri
Sími 899 1882 - thorarinn@eignamidlun.is

## MÁNATÚN 3 – 105 REYKJAVÍK
**198,3 M² – 104,9 MILLJ.**



**OPIÐ HÚS**
Mánudaginn 15. jan.
milli kl. 17:00 og 17:30.




Topp íbúð, 198,3 m², á efstu hæð á friðsælum stað miðsvæðis í Reykjavík þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. Stofa, borðstofa, fjögur herbergi, tvö baðherbergi og þvottahús. Hjónasvíta með sér baðherbergi og miklum fataskápum. Glæsilegar innréttingar úr hnotu, granítborðplötur, gólfhiti og aukin lofthæð. Skjólgóðar suð-vestur svalir. Tvö stæði í bílgeymslu. Húsvörður.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**Daði Hafþórsson** Aðstoðarmaður fasteignasala
Sími 824 9096 dadi@eignamidlun.is
**Kjartan Hallgeirsson** Löggiltur fasteignasali

## LEIÐHAMRAR 34 – 112 REYKJAVÍK
**214,3 M² – 74,9 MILLJ.**



Vorum að fá í sölu mjög fallegt 214.3 m² 6 herb. parhús á tveimur hæðum við Leiðhamra í Grafarvogi. Innbyggður bílskúr. Húsið skiptist m.a. í tvær stofur, eldhús, tvö baðherbergi og fjögur herbergi. Fallegur gróinn garður með timburveröndum.



**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**Daði Hafþórsson** Aðstoðarmaður fasteignasala
Sími 824 9096 dadi@eignamidlun.is
**Kjartan Hallgeirsson** Löggiltur fasteignasali

## HÁALEITISBRAUT 109 – 108 REYKJAVÍK
**110,8 M² – 44,9 MILLJ.**



**OPIÐ HÚS**
Mánudaginn 15. jan.
milli kl. 12:00 og 12:45.

Mjög falleg og vel skipulögð 110,8 m² 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í eftirsóttu fjölbýlishúsi við Háaleitisbraut. Húsið er teiknað af Sigvalda Thordarson. Íbúðin skiptist m.a. í stóra stofu og þrjú herbergi. Þvottahús innan íbúðar. Frábær staðsetning miðsvæðis.



**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**Magnea S. Sverrisdóttir**
MBA, löggiltur fasteignasali
Sími 861 8511 - magnea@eignamidlun.is

# EINSTAKAR ÍBÚÐIR VIÐ JAÐARLEITI 2–6



**BÓKIÐ SKOÐUN HJÁ SÖLUMÖNNUM**
Sýnum daglega







Fallegar íbúðir í nýju hverfi á frábærum stað í borginni. Flestar íbúðir með fallegu útsýni.

Stærðir frá 60,4 $m^2$ til 147,7 $m^2$. Stór hluti íbúðanna er 2–3ja herbergja.

Íbúðum verður skilað fullbúnum án gólfefna. Bílastæði í bílageymslu fylgja hluta íbúða. Áætluð afhending sumarið 2018.

NÁNARI UPPLÝSINGAR



**Brynjar Þ. Sumarliðason**
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasal
brynjar@eignamidlun.is
Sími 896 1168

NÁNARI UPPLÝSINGAR



**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
Löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
Sími 864 5464

NÁNARI UPPLÝSINGAR



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri
thorarinn@eignamidlun.is
Sími 899 1882

NÁNARI UPPLÝSINGAR



**Daði Hafþórsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096

# NÝJAR ÍBÚÐIR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR



**BÓKIÐ SKOÐUN HJÁ SÖLUMÖNNUM**
Sýnum daglega







## Frakkastígsreitur Frakkastígur 8E , Hverfisgata 58 A og B

Á Frakkastígsreit eru í byggingu 67 litlar og meðalstórar íbúðir sem munu tengjast skjólgóðum, lokuðum garði.

Á götuhæðum bygginganna sem snúa að Laugavegi, Frakkastíg og Hverfisgötu verða verslanir, veitingahús og fjölbreytt þjónusta.

Um er að ræða 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir.
Auk þess eru tvær stórar penthouse íbúðir.
Stæði í bílageymslu fylgir með hluta af íbúðunum.
Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna.

Stærð frá 56,5 fm - 178 fm.
Verð frá 40,9 millj.
Afhending áætluð í febrúar 2018.

NÁNARI UPPLÝSINGAR



**G. Andri Guðlaugsson**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali
andri@eignamidlun.is
Sími 662 2705

NÁNARI UPPLÝSINGAR



**Brynjar Þ. Sumarliðason**
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasal
brynjar@eignamidlun.is
Sími 896 1168

NÁNARI UPPLÝSINGAR



**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is
824 9093

NÁNARI UPPLÝSINGAR



**Daði Hafþórsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096

# ÞG VERK

URRIÐAHOLT / GARÐABÆ

2017 Framúrskarandi fyrirtæki

Kynntu þér byggingaraðilann







# HOLTSVEGUR 3

## ÍBÚÐ 205 · 118,9 M² · VERÐ: 53 mkr.

### SÍÐUSTU TVÆR ÍBÚÐIRNAR Í ÞESSARI BYGGINGU

ÞG Verk kynnir nýjar og glæsilegar fasteignir til sölu í hinu einstaka Urriðaholti, Garðabæ. Við hönnun húsanna var leitast við að skapa metnaðarfullar og glæsilegar byggingar sem njóta sín í fallegu og náttúrulegu umhverfi.





# HOLTSVEGUR 3

## ÍBÚÐ 405 · 122,6 M² · VERÐ: 55.9 mkr.

### RÚMGÓÐ OG EINSTAKLEGA VEL SKIPULÖGÐ ÍBÚÐ

THG arkitektar, sem unnið hafa til fjölmargra verðlauna fyrir framúrskarandi hönnun og arkitektúr, teikna húsin sem eru ál og viðarklædd til að tryggja lágmarks viðhald.

PANTAÐU SKOÐUN Í SÍMA 824 8488 www.tgverk.is/fasteignavefur

ÞG Verk - Þekkingarfyrirtæki í byggingariðnaði / Lágmúla 7 / Sími 534 8400 / www.tgverk.is

# FOLD FASTEIGNASALA

*Sóltún 20 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*




**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401

**Gústaf Adolf Björnsson**
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205

**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044

**Einar Marteinsson**
í löggildingarnámi
einarm@fold.is / 893-9132

**Anna Ólafía Guðnadóttir**
íslenskufræðingur


## Bárugata 37, 101 Reykjavík, 3ja herb.
### OPIÐ HÚS MÁNUD. 15.1 KL. 17-17:30




Bárugata 37: Mjög góð og mikið uppgerð tæplega 80 fm íbúð á jarðhæð/kjallara í góðu fjölbýli á eftirsóknarverðum stað í rótgrónu hverfi. Parket og flísar á gólfum. Ný eldhúsinnrétting og uppgert baðherbergi. Rúmgóð svefnherbergi. Gott innra skipulag.
**Verð 39,9 millj.**

**Opið hús mánud. 15.1. kl. 17-17:30, verið velkomin.**

## Breiðás 5, 210 Garðabæ, einbýli á 2 hæðum
### OPIÐ HÚS MÁNUD. 15.1 KL.17-17:30




Breiðás 5, 210 Garðabæ: 160 fm fallegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 30 fm bílskúr, samtals 190 fm á rólegum stað í Garðabæ. Húsið skiptist í stofur, 4-5 svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús o.fl. Lóðin er stór og innkeyrsla hellulögð. Gróðurhús og barnahús á lóð fylgja.
**Verð 69,9 millj**
**Opið hús mánudag 15.1 kl. 17-17:30, verið velkomin.**

## Laugarnesvegur 86, 105 Reykjavík.
### GLÆSILEG ÍBÚÐ



Glæsileg og mikið endurnýjuð íbúð á 1. hæð ásamt sér geymslu í kjallara, samtals 89,9 fm. Nýlegt eldhús, baðherbergi og gólfefni. Tvö svefnherbergi. Stofa m/útgengi á suðursvalir. Íbúðin er laus við kaupsamning.

**Verð 39,9 millj.**

## Funafold 15, 112 Reykjavík, einbýli
### OPIÐ HÚS MIÐVIKUD. 17.1. KL. 17-17:30




Funafold 15, 112 Grafarvogi: Vandað, mikið endurnýjað 185 fm einbýlishús ásamt 40 fm bílskúr, samtals 225 fm. Á hæðinnu er svefnherbergi, eldhús, stofa og sólstofa auk þvottahúss og gestabaðherbergis. Á efri hæðinni eru 4 svefnherbergi, sjónvarpshol og baðherbergi. Góður pallur er við húsið. **Verð 84,9 millj.**

**Opið hús miðvikudag 17.1 kl. 17-17:30, verið velkomin.**

## Laxatunga 110, 270 Mos., fokhelt raðhús.
### OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAG 17.1 KL. 17-17:30




Fold fasteignasala 552-1400 kynnir nýtt raðhús í byggingu sem afhendist á byggingarstigi 4 þ.e. fullbúið að utan en fokhelt að innan. Íbúðin er 139,2 fm og bílskúrinn 27,9 fm, samtals 167,1 fm. Gott innra skipulag og stutt í margvíslega þjónustu.

**Verð 47,9 millj.**

**Opið hús miðvikudag 17.1 kl. 17-17:30, verið velkomin.**

## Laugarnesvegur, 2.hæð, 2ja herb.
### LAUS STRAX




Laugarnesvegur 64, 2. hæð. Góð tveggja herbergja ca. 48. fm íbúð í litlu fjölbýlishúsi. Svalir frá stofu í suðaustur. Laus strax. Fín fjárfesting.

**Verð 26,9 millj.**

## Ásgarður, 108 Rvk, 2ja herb.
### M/SÉRINNGANGI OG SÉRVERÖND



Ásgarður 10, 108 Rvk., jarðhæð: Góð 2ja herbergja íbúð með sérinngangi í tvíbýlisraðhúsi á frábærum stað. Að sunnanverðu er skjólgóð hellulögð verönd og gengt frá henni í sameiginlegan garð. Rúmgott eldhús, frábær staður.

**Verð 30,5 millj.**

## Lyngmóar 10 , 210 Garðabær.
### 3JA HERBERGJA + BÍLSKÚR.



Vönduð 96,8 fm 3ja herbergja íbúð á 2.hæð í litlu fjölbýlishúsi ásamt 16,2 fm bílskúr, samtals 113 fm. Björt og opin íbúð með tveimur rúmgóðum svefnherbergjum, baðherbergi, stofu og eldhúsi. Gott innra skipulag og mikið útsýni. Íbúðin er laus við kaupsamning.

**Verð 48,5 millj.**

## Óskum eftir

### Íbúðareigendur

**Óskum eftir 4ra herbergja vandaðri íbúð í 101, 107, 170, 105 og 108, verðbil 50-60 millj.**

**Óskum eftir vönduðu einbýli í 101, 105 og 107 Reykjavík og Seltjarnarnesi, verð allt að 110 millj.**

**Kaup án fyrirvara um fjármögnun.**

## Hvað kostar eignin mín?
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

## *Þú finnur okkur á fold.is*

# FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF

**Sími 562 4250**

Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is




**Hilmar Óskarsson**
Framkvæmdarstjóri
Gsm: 896-8750

**Óskar Þór Hilmarsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 822-8750

**Guðjón Sigurjónsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 846-1511

**Pálmi Almarsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 896-3344

**Smári Jónsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 864-1362

**Auður Kristinsdóttir**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 824-7772

**Hildur Edda Gunnarsdóttir**
Lögfr./Aðstm.
Gsm: 661-0804

**Bjarni Tómas Jónsson**
Löggiltur fasteignasali
GSM: 895-9120





Einstaklega glæsilegar íbúðir á útsýnisstað við Tryggvagötu 13 í miðbæ Reykjavíkur. Húsið er 6 hæðir. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 55,3 til 166,3 fm. Mjög vandaðar HTH innréttingar. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með gólfsíðum gluggum. Einstök hönnun innan sem utan þar sem engu er til sparað.
**Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**




Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Lundi 5 í Fossvogsdal í 38 íbúða fjölbýlishúsi. Húsið er 11 hæðir. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 120 til 194 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Álklætt hús. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.
**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.**
**Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**




**SÍLAKVÍSL 21**
- 110 Rvk.
- 4ra herb.
- Endaíbúð
- Mikið standsett
- **Verð 49,5 millj.**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**




**SNORRABRAUT 56B**
- 105 Rvk.
- 89 fm.
- 3ja herb.
- Yfirbyggðar svalir
- **Verð 43,9 millj.**




**HELLUVAÐ 17**
- 110 Rvk.
- 97 fm.
- 3ja herb.
- Bílageymsla
- Falleg íbúð
- Útsýni
- **Verð 43,9 millj.**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00**




**Nýhöfn 7**
**Sjáland Garðabæ**
- Nýtt hús
- 107-150 fm.
- 2ja og 3ja herb.
- Glæsilegar íbúðir

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**




**AÐALSTRÆTI 9**
- 101 RVK.
- 108,7 fm.
- 3ja herb.
- Efsta hæð
- Aukin lofthæð
- Frábær staðsetning
- **Verð 64,5 millj.**

**Opið hús miðvikudag frá kl. 16:30 til 17:00**



**MÍMISVEGUR 4**
- 101 Rvk.
- 106 fm.
- 4ra herb.
- Falleg íbúð.
- Endurnýjað bæði innan sem utan.
- **Verð 68 millj.**



**VINDÁS 1**
- 110 Rvk.
- 105 fm.
- 3ja herb.
- Bílageymsla
- **Verð 36,9 millj.**




**NAUSTAVÖR 7**
- Kóp 116,3fm
- 4ra herb.
- Stæði í bílageymslu
- Glæsilegar innréttingar.
- **Verð 62 millj.**

**Opið hús mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

## ÓSKUM EFTIR ÖLLUM GERÐUM EIGNA TIL SÖLU. MIKIL SALA.

**VERKFERILL**







# Vönduð parhús

**Til sölu fjögur 171m² vönduð staðsteypt parhús með bílskúr, Furudalur 2-4 og 18-20**
til afhendingar strax fokheld að innan með rafmagns- og vatnsinntökum, og fullbúin að utan.

Einnig er hægt að semja um annað byggingarstig eins og tilbúið undir tréverk. Allar upplýsingar fást hjá Eignamiðlun Suðurnesja.

**Eignamiðlun Suðurnesja**
Hafnargötu 50, Reykjanesbæ
Sími: 420-4050 / 894-2252 - www.es.is

# EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá **1957**
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## BORGARTÚN 23 – TIL LEIGU




Til leigu skrifstofurými á 2. og 3. hæð Borgartún 23 í Reykjavík.
**2. hæð:** Alls 288,2 fm skrifstofurými sem stúkað er af í fjölda skrifstofa, ýmist með steyptum veggjum og léttum. Salerni og eldhúsaðstaða.
**3. hæð:** Alls 270,1 fm skrifstofurými sem er að mestu opið en þó með fundarherbergi, skrifstofu og eldhúsaðstöðu.

**Nánari uppl. veita:**
**H. Daði Hafþórsson**
aðst.m. fasteignasala s: 824 9096,
dadi@eignamidlun.is.
**Kjartan Hallgeirsson**
löggiltur fasteignasali



**H. Daði Hafþórsson**



**Kjartan Hallgeirsson**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • www.101.is



**Kristín S. Sigurðardóttir**
Lögg. fast.sali.



**Sigrún Jóna Andradóttir**
Í námi til lögg. fasteignasala

## Spítalastígur 2a, 101 Rvík




**Opið hús mánudaginn 15. janúar kl. 17:30-18, verið velkomin!**
Fallegt raðhús/sérbýli á tveimur hæðum, 55,2 fm. 3ja herb. á frábærum stað í Þingholtunum! Til eru samþykktar teikningar frá árinu 2009 að byggja eina hæð ofan á húsið og fylgja þær með.
**Frekari upplýsingar veitir Sigrún, nemi til lgf. í síma 857-2267 eða á sigrun@101.is**

**Traust og góð þjónusta í 15 ár**

# LIND FASTEIGNASALA

## Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.

## Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.

## Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is
**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Akralind 4
201 Kópavogi
Sími 552 5644
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

# Búmenn auglýsa íbúðir

## Búseturéttur á markaðsverði

**Ferjuvað 9, íb.303, sem er fjölbýlishús í Reykjavík**
Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð sem er 72,7 fm að stærð. Íbúðin er á 3.hæð í fjögurra hæða fjölbýlishúsi með lyftu. Eigninni fylgir stæði í bílakjallara.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 8.300.000 eða tilboð.
Mánaðargjöldin eru um kr. 170.000-





**Kríuland 3, sem er parhús í Garði**
Til sölu búseturéttur í 3ja herbergja parhúsi á einni hæð. Íbúðin er 89,7 fm að stærð ásamt bílskúr sem er 34,8 fm en samtals er eignin 124,5 fm.
Ásett verð búseturéttarins er kr. 8.000.000 og eru mánaðargjöldin um kr. 173.000-.

**Tilboðsfrestur er til 25.janúar n.k. kl.13.**

***Innifalið í mánaðargjaldi íbúðanna er fjármagnskostnaður, fasteignagjöld, bruna- og fasteignatrygging, viðhaldssjóður, þjónustugjald og rekstrarsjóður þar sem það á við.***

Þeir sem hafa áhuga á að skoða íbúðina og taka þátt í að gefa tilboð hafið samband við skrifstofu Búmanna.

Hægt er að fá nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl 9-12 og 13-15. Einnig er hægt að nálgast nánari upplýsingar um íbúðirnar á heimasíðu félagsins **www.bumenn.is**

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**

Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**HÚSASMÍÐI:**

getum bætt við okkur verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

### Spádómar

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**
**Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**




Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is




Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

### Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- **Suðurlandsvegur um Hveragerði. Breyting á framkvæmd**
- **Varphænsnabú á Hranastöðum, Eyjafjarðarsveit**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **15. febrúar 2018.**

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

### Athugun Skipulagsstofnunar

### Aukin framleiðsla á laxi í Reyðarfirði

Laxar fiskeldi ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um aukna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Reyðarfirði um 10.000 tonn.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 15. janúar til 26. febrúar á eftirtöldum stöðum: Bókasafninu á Eskifirði, bókasafninu á Reyðarfirði, bæjarskrifstofum Fjarðabyggðar, Landsbókasafni Íslands og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 26. febrúar 2018 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

**Kynningarfundur:** Vakin er athygli á að Laxar fiskeldi ehf. stendur fyrir kynningarfundi á frummatsskýrslu þann 25. janúar kl. 20:00 í Grunnskóla Reyðarfjarðar og eru allir velkomnir.



Keflavíkurkonur hlupu sigurhring eftir að hafa unnið Njarðvík í úrslitaleik Maltbikars kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Sá fimmtándi kominn í safn Keflvíkinga

**Keflavík batt enda á bikarævintýri Njarðvíkur með sigri í úrslitaleik Maltbikars kvenna, 74-63. Leikurinn var jafn lengi en í seinni hálfleik sýndu Keflvíkingar styrk sinn og sigu fram úr. Keflavík stefnir á að vinna tvöfalt annað árið í röð.**

**KÖRFUBOLTI** Keflavík varð bikarmeistari kvenna í fimmtánda sinn eftir sigur á Njarðvík, 74-63, á laugardaginn. Úrslitaleikurinn náði ekki sömu hæðum og undanúrslitaleikirnir hvað spennu og dramatík varðar en var þó jafn lengi vel.

Njarðvík, sem hefur ekki enn unnið deildarleik í vetur, hafði komið liða mest á óvart í bikarkeppninni og unnið þrjú lið úr Domino's-deildinni. En Keflavíkurhindrunin reyndist of stór. Staðan í hálfleik var jöfn, 35-35, en í 3. leikhluta skildi leiðir. Keflavík fékk framlag frá fleiri leikmönnum á meðan Shalonda Winton dró Njarðvíkurvagninn. Hún skoraði 37 stig og tók 23 fráköst í leiknum sem endaði með 11 stiga sigri Keflavíkur, 74-63.

Brittanny Dinkins, bandarískur leikmaður Keflavíkur, var valin maður leiksins en hún skoraði 16 stig, tók 11 fráköst og gaf átta stoðsendingar. Embla Kristínardóttir var stigahæst í liði Keflvíkinga með 20 stig en hún hitti úr fjórum af sjö þriggja stiga skotum sem hún tók í leiknum. Embla segir að Keflavík hafi alls ekki vanmetið lið Njarðvíkur, þrátt fyrir slæmt gengi þeirra grænu í deildinni.

„Við bjuggumst við að þær yrðu góðar. Þær voru búnar að slá út þrjú góð lið. En við vorum tilbúnar í leikinn," sagði Embla sem gekk aftur til liðs við Keflavík um áramótin, eftir tvö og hálft tímabil í herbúðum Grindavíkur. Hún segir það ekki hafa tekið langan tíma að komast inn í hlutina hjá Keflavík.

„Það var mjög auðvelt. Ég hef spilað með flestum af þessum stelpum og leikurinn sem Sverrir [Þór Sverrisson, þjálfari Keflavíkur] spilar hentar mér mjög vel," sagði Embla sem fyllir í skarðið sem Emelía Ósk Gunnarsdóttir skildi eftir sig þegar hún sleit krossband í hné.

„Það er stórt skarð að fylla en ég reyni að gera mitt besta."

Sem áður sagði skoraði Embla 20 stig í bikarúrslitaleiknum. Hún segist hafa fundið sig vel á fjölum Laugardalshallarinnar.

„Mjög svo. Við vorum þolinmóðar í sókninni og tilbúnar í leikinn," sagði Embla.

Keflavík vann tvöfalt í fyrra og stefnan er sett á að endurtaka leikinn í ár.

„Við erum á mikilli uppleið. Stefnan er að verja Íslandsmeistaratitilinn," sagði Embla sem varð Íslands- og bikarmeistari með Keflavík 2013.

ingvithor@frettabladid.is

## Fimm bikartitlar á síðustu sjö árum

Sverrir Þór Sverrisson stýrði Keflavík til sigurs í úrslitaleik Maltbikarsins á laugardaginn. Hann varð því bikarmeistari sem þjálfari í fimmta sinn á síðustu sjö árum. Á þessum tíma hefur hann unnið bikarmeistaratitil með öllum þremur stóru liðunum á Suðurnesjunum.

Kvennalið Njarðvíkur varð bikarmeistari í fyrsta og eina sinn árið 2012 undir stjórn Sverris. Njarðvíkingar urðu einnig Íslandsmeistarar þetta sama ár.

Árið 2014 stýrði Sverrir karlaliði Grindavíkur til sigurs í bikarkeppninni. Ári áður hafði Grindavík komist í bikarúrslit en tapað fyrir Stjörnunni. Árið 2015 gerði Sverrir svo kvennalið Grindavíkur að bikarmeisturum.

Kvennalið Keflavíkur varð bikarmeistari í fyrra undir stjórn Sverris og endurtók svo leikinn í ár.



## Bikarúrslit kvenna

| Keflavík | 74 - 63 (35-35) | Njarðvík |
|---|---|---|

**Keflavík:** Embla Kristínardóttir 20, Brittanny Dinkins 16/11 fráköst/8 stoðsendingar, Thelma Dís Ágústsdóttir 16/9 fráköst, Irena Sól Jónsdóttir 6, Erna Hákonardóttir 6, Birna Valgerður Benónýsdóttir 5, Kamilla Sól Viktorsdóttir.
**Njarðvík:** Shalonda Winton 37/23 fráköst, Erna Freydís Traustadóttir 7, Björk Gunnarsdóttir 6, Hrund Skúladóttir 5, Hulda Bergsteinsdóttir 4, Aníta Carter Kristmundsdóttir 3, María Jónsdóttir 1.

DORMA
Láttu drauminn rætast
EKKI MISSA AF ÞESSU
Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



www.dorma.is
Ný og betri vefverslun
ALLTAF OPIN

Janúar útsalan
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

NATURE'S SUPREME
heilsurúm m/Classic botni



Nature's Bedding
ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR
af Supreme dýnu
20% af botni
Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

| Stærð í cm | Fullt verð | Útsöluverð |
|---|---|---|
| 80x200 | 82.900 | 60.830 |
| 90x200 | 89.900 | 65.930 |
| 100x200 | 96.900 | 71.030 |
| 120x200 | 109.900 | 80.530 |
| 140x200 | 119.900 | 87.930 |
| 160x200 | 134.900 | 98.930 |
| 180x200 | 149.900 | 109.930 |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á m²
- Vandaðar kantstyrkingar

Ótrúlegt verð

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is
Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði
DORMA
Láttu drauminn rætast

## Merkisatburðir

**69** Galba Rómarkeisari myrtur

**1582** Pólsk-litháíska samveldið fær Eistland og Lífland frá Rússum.

**1609** Eitt fyrsta fréttablaðs heims, Avisa Relation oder Zeitung, kemur fyrst út í Ágsborg.

**1759** Þjóðminjasafn Bretlands opnað almenningi.

**1892** James Naismith gefur út reglur um körfubolta.

**1935** Mjólkursamsalan stofnuð

**1942** Vindhraðamet slegið í Reykjavík, 39,8 metrar á sekúndu.

**1943** Pentagon, skrifstofubygging varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna, tekin í notkun.

**1994** Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga stofnað eftir sameiningu Hjúkrunarfélags Íslands og Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga.

**2001** Wikipedia opnuð.

ÞETTA GERÐIST: 15. JANÚAR 1983

## Bandalag jafnaðarmanna stofnað af Vilmundi Gylfa



„Bandalag jafnaðarmanna verður stofnað í dag," sagði í frétt Morgunblaðsins þennan dag árið 1983. Sú frétt reyndist auðvitað rétt og sagði enn fremur að aðalhvatamaður að stofnun bandalagsins hafi verið Vilmundur Gylfason, þáverandi alþingismaður.

Degi síðar höfðu línur skýrst og bandalagið verið stofnað. Undir stórri fyrirsögn á síðu tvö sagði í Morgunblaðinu þann 16. janúar: „Í drögum að málefnagrundvelli segir m. a., að bandalagið sé stofnað til höfuðs hinu staðnaða flokkakerfi stjórnmálaflokkanna, eins og það er orðað."

Bandalag jafnaðarmanna varð þó ekki langlíft. Síðar þetta sama ár fékk flokkurinn fjóra þingmenn kjörna en þremur árum síðar, undir lok kjörtímabilsins, gengu þrír þeirra í Alþýðuflokkinn og sá fjórði í Sjálfstæðisflokkinn svo enginn varð eftir í þingflokki bandalagsins.

Jafnaðarmenn létu þó brotthvarf þingmannanna ekki stöðva sig og buðu fram í Reykjavíkurkjördæmi og Reykjaneskjördæmi. Fékk flokkurinn samtals 246 atkvæði og var því tiltölulega langt frá því að ná inn manni. **– þea**



**Hér er Lára Jónasdóttir í Suður-Súdan, í þorpinu Gumurk, fyrir utan heilsugæsluna sem Læknar án landamæra ráku þar. Nokkrum mánuðum síðar varð að loka henni vegna átaka í landinu. Lára hefur starfað fyrir samtökin í fimm ár og ferðast víða um heim.**

# Læknar án landamæra leita í fyrsta sinn til Íslands

**Samtökin starfa í 70 löndum víða um heim og leita nú í fyrsta skipti til Íslands eftir starfsfólki. Leitað er að alls konar hugsjónafólki sem vill sinna neyðaraðstoð. Ekki bara læknum og hjúkrunarfræðingum heldur einnig smiðum, verkfræðingum og fleirum.**

**MANNRÉTTINDI** „Þó að nám sé að sjálfsögðu mikilvægt þá eru ekki endilega skilyrði um það. Frekar er sett fram krafa um skilning á því hvað er að vera mannúðarstarfsmaður og hver gildi hans eru, eins og réttlæti. Hjá okkur starfa ekki bara læknar og hjúkrunarfræðingar, líka smiðir og verkfræðingar og fólk með alls konar menntun," segir Lára Jónasdóttir sem hefur starfað fyrir samtökin Lækna án landamæra í fimm ár. Hefur hún á þeim tíma ferðast víða um heim og þar með talið til Nígeríu og Suður-Súdans.

Lára lærði friðar- og átakafræði og lauk síðan meistaraprófi í alþjóðasamskiptum. Hún hefur sinnt ýmsum verkefnum hjá samtökunum á sviði réttindagæslu, verkefnastjórnunar, mannauðsmála og samræmingar aðgerða á vettvangi. „Það var eiginlega fyrir tilviljun að ég fór á upplýsingafund í Ósló. Á fundinum sá ég að þessi samtök pössuðu mér vel og mínum hugsjónum. Þau tala beint út og eru óhrædd."

Lára segir að sjálfstæði samtakanna og geta þeirra til að vera óháð hafi heillað hana mikið. „Fjármagn kemur 90 prósent frá einstökum aðilum, ekki ríkjum. Við höfum meira frelsi til að tala um ýmis málefni sem öðrum samtökum, sem treysta á ríkisfjármagn, er erfiðara að tjá sig um. Það er alls ekki sjálfsagt mál innan mannúðargeirans að geta það. Samtökin passa vel upp á það hvaðan fjármagnið kemur og hvert það fer. Sem dæmi fer ekkert fjármagn frá Bandaríkjunum í starf samtakanna í Afganistan. Þannig getum við verið eins hlutlaus og hægt er." Hún segir sjálfstæðið einnig gera þeim kleift að fara á staði sem aðrir eru ekki á, og að þau séu yfirleitt fyrst á staðinn, þegar upp kemur neyð.

> **Flestir sem vinna hjá samtökunum eru sjálfboðaliðar og fólk er því ekki á háum launum. Flug, húsnæði og uppihald er þó alltaf greitt.**
>
> Lára Jónasdóttir

Samtökin eru í leit að starfsfólki og fólki til að vera á viðbragðslista, sem hægt er að leita til með stuttum fyrirvara. „Verkefnin eru yfirleitt í kringum sex mánuði til ár. Flestir sem vinna hjá samtökunum eru sjálfboðaliðar og fólk er því ekki á háum launum. Flug, húsnæði og uppihald er þó alltaf greitt."

En samtökin eru ekki einungis á Íslandi til að ná í starfsfólk. „Það sem samtökin gera líka með því að koma til Íslands er að hvetja íslensk stjórnvöld til að beita sér á alþjóðavettvangi í þeim málefnum sem Læknar án landamæra eru að vinna að, eins og að koma í veg fyrir of hátt verð og einkaleyfi á lyfjum, grun um pyntingar í Líbíu og málefni flóttamanna í Evrópu, sem og flótta Róhingja frá Bangladess."

Í dag hefjast Læknadagar í tilefni af 100 ára afmæli Læknafélags Íslands. Karine Nordstrand, formaður norskra landssamtaka Lækna án landamæra mun kynna hlutverk og starfsemi félagsins þar.

Að auki verða tveir fundir fyrir þá sem hafa áhuga á að starfa með samtökunum miðvikudagana 17. og 24. janúar á Kex hosteli, klukkan 20-21.30.

